

Færeyjar
 Einkavæðingin hefur innreið sína



Fjármálakauphöllin
 Á fljúgandi ferð



8-9 **Samkeppnismál**
 Lögfræðin er tæki til að ná árangri



Þórdís selur bréf sín í 365

Þórdís J. Sigurðardóttir, fyrrverandi stjórnarformaður Dagsbrúnar, hefur selt öll bréf sín í 365 hf. en aukið hlut sinn í Teymi í staðinn.

Undir hennar stjórn var Dagsbrún skipt upp í 365 og Teymi. „Mig langaði til þess að auka hlut minn í Teymi af því að ég er stjórnarformaður þar.“ Þórdís fer með um þriggja prósentu hlut í Teymi.

Kaupandi bréfanna, sem voru í eigu Þórdísar, var Baugur Group sem greiddi um 305 milljónir fyrir. Baugur fer með 26,77 prósentu hlut í 365.

- hhs / eþa

Mæla með tilboði Nasdaq

Stjórn OMX mælir með tilboði NASDAQ í samstæðuna. Nasdaq býður hluthöfum 0,502 nýja hluti í NASDAQ og 94,3 sænskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut í OMX.

Í tilkynningu sem stjórn OMX sendi frá sér í gær kemur fram að þrátt fyrir gott gengi samstæðunnar standi hún frammi fyrir ýmsum áskorunum. Þær séu meðal annars breytt lagahverfi, hratt aukin samkeppni og mikil samþjöppun í greininni. Stjórnin áltíð að samruninn við NASDAQ sé sterkasti mögulegi leikurinn í stöðunni.

- hhs


TrackWell
 FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Selja B&O | FL Group hefur selt alla hluti sína, 10,76 prósent, í danska raftækjaframleiðandanum Bang & Olufsen fyrir 10,2 milljarða króna. Tap FL Group á fjárfestingunni nemur um 100 milljónum króna.

Aukin vanskil | Vanskil fyrir tækja eru nú meiri en verið hefur frá miðju ári 2005. Þetta sýnir ný samantekt Fjármálaeftirlitsins á tölum um vanskil útlána hjá innlánsstofnunum.

Sameinast Símanum | Stjórnir Símans og Anza hafa greint frá því að fyrirtækin verði sameinuð og muni starfsfólk Anza hefja störf hjá Símanum 1. júlí. Síminn var stærsti eigandinn í Anza.

Óvænt heimsókn | Fulltrúar á vegum Tesco skoðuðu fyrirvara-laust aðstæður í einni af verksmiðjum Katsouris, dótturfélags Bakkavarar, í síðustu viku í kjölfar mótmæla verkalyðsfélagsins GMB á aðbúnaði starfsfólks.



Mótmæla aðför | Stjórnendur Bakkavarar saka fulltrúa GMB um ófrægingarherferð gegn félaginu sem komi til vegna árangurslausra tilrauna GMB til að hafa starfsmenn Katsouris innan sinna vébanda.

Vöruskipti versna | Vöruskipti við útlönd voru óhagstæð um 11,3 milljarða króna í apríl, samkvæmt tölum frá Hagstofnunni. Þetta er 1,1 milljarði króna meira en í sama mánuði í fyrra.

Slagur hafinn | Bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir ætla að leggja fram gagntilboð í allt hlutafé Vinnslustöðvarinnar og er það 85 prósentum hærra en yfirtökutilboð Eyjanna ehf.

Tilboðið komið | Formlegt yfirtökutilboð Novators í Actavis er komið fram. Það hljóðar upp á 0,98 evrur fyrir hlutinn. Stjórn Actavis skoðar nú tilboðið og ráðleggur hluthöfum að halda að sér höndum á meðan.

Þorskaflí gæti sett strik í hagspána

Landsbankinn spáir 0,5 prósentu hagvexti á árinu. Aukin stóriðja vegur upp á móti samdrætti í sjávarútvegi í spánni.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
 skrifar

„Það eru spennandi tímar framundan. Spennandi í þeirri merkingu að það er óvissa,“ sagði Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeilda Landsbankans, í gær á þéttsetnum morgunverðarfundum um hagspá bankans á árabílinu 2007 til 2010. Landsbankinn spáir því að hagvöxtur verði 0,5 prósent á árinu. Þetta er talsverður viðsnúningur frá síðasta ári þegar hagvöxtur var 2,6 prósent. Björn benti hins vegar á að nokkur undirliggjandi hagvöxtur væri í kerfinu.

Í hagvaxtarspánni er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 2,0 prósent á næsta ári og megi gera ráð fyrir miklum viðskiptahalla áfram.

Þá gerir greiningardeildin ráð fyrir því að gengi krónunnar haldist áfram sterkt. Benti Björn á að frá því gengi krónunnar hafi verið látið fljóta árið 2001 hafi mátt greina veikingu í 13 mánuði en styrkingu í 64. Skrifist styrkingin á uppbyggingu í stóriðju, útrás fyrirtækja og fjármálageirans. Muni krónan því haldast sterk næstu ár, að mati Björns sem þó telur að neikvæðar horfur í sjávarútvegi á næsta ári geti sett strik í reikninginn.

Þrátt fyrir spá um talsvert minni hagvöxt nú en í fyrra telur greiningardeild Landsbankans líkur á að hann muni glæðast strax á næsta ári þrátt fyrir minnkandi botnfiskafla. Greiningardeildin telur þó ólíklegt að farið verði að yftrustu tillögum Hafnansóknastofnunar og gerir ráð fyrir því að útlutningsverðmæti sjávarafurða dragist saman um 15 milljarða króna á næsta ári vegna þessa. Það jafngildi einu prósentu af landsframleiðslu. Á móti



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Greiningardeild Landsbankans segir stóriðjuframkvæmdir á næstu árum vega upp á móti samdrætti í sjávarútvegi. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

samdrættinum vegi áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir og vaxandi álutflutningur sem muni skila sér í 2,5 til 3,0 prósentu hagvexti fram til 2009.

Björn sagði andstöðuna við stækkun álversins í Straumsvík hafa komið sér og fleirum á óvart. Hafi óvissa skapast við það í stóriðjumálum. Þó telji greiningardeildin að ekki sé hægt að afskrifa að Alcan finni leið til að hringa áformum sínum um stækkun í framkvæmd. Það yrði þó með öðrum hætti en áformað var. Ljóst sé hins vegar að niðurstaða akvæðagreiðslunnar í Hafnarfirði í marslok hafi frestað frekari stóriðjuframkvæmdum að hluta um eitt til tvö ár. Björn sagði mikla stóriðju í vændum, svo sem á Keilnesi. Þá væri Century Aluminum mjög langt komið með undirbúning að nýju álveri í Helguvík og virðist fátt koma í veg fyrir að ráðist verði í framkvæmdirnar þegar á næsta ári.

Sjá einnig síðu 2

Færeyingar streyma í Kauphöllina

Von er á sex nýjum félögum í Kauphöll Íslands á þessu ári, þar af er helmingur frá Færeyjum. Færeysku félögin eru fjármálafyrirtækin Eik Banki og Föroya Banki og flugfélagið Atlantic Airways.

Föroya Banki, sem fer í almennt útboð meðal annars héraðs í næstu viku, er metinn á rúma nítján milljarða króna en Eik á 57 milljarða króna. Þórir Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, er spenntur fyrir komu færeysku bankanna. „Ég held líka að þetta sé hagstætt fyrir þá að koma inn

í kauphöllina hér heima hjá okkur því við fórum í gegnum þetta ferli fyrir ekki svo mörgum árum. Þessi reynsla ætti að nýtast þeim og auðvelda íslendingum að átta sig á þessum fyrirtækjum.“

Þrjú önnur fyrirtæki hafa síðan boðað skráningu á árinu en það eru Síminn, Promens, sem er dótturfélag Atorku Group, og Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, sem verður skráð á hliðarmarkaðinn First North í næstu viku.

- eþa / sjá bls. 6 og 8-9

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,6%*

GBP 7,1%*

USD 6,7%*

EUR 5,5%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

 **Landsbankinn**
 Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. maí - 31. maí 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-3%	-21%
Actavis	0%	31%
Alfesca	-3%	-1%
Atlantic Petroleum	1%	128%
Atorka Group	0%	19%
Bakkavör	-2%	12%
FL Group	-2%	13%
Glitnir	3%	21%
Hf. Eimskipafélagið	3%	31%
Kaupþing	-1%	30%
Landsbankinn	-1%	40%
Marel	0%	10%
Mosaic Fashions	0%	10%
Straumur	0%	22%
Össur	0%	-3%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Viðskiptahallinn ofmetinn

Viðskiptahallinn er ofmetinn, að mati Lúðvíks Elíassonar, sérfræðings hjá greiningardeild Landsbankans og annars af tveimur höfundum hagspár deildarinnar sem kynnt var í gær.

Í spánni kemur fram að halli á vöruskiptum hafi snaraukist frá því afgangur varð af vöruskiptum við útlönd upp á 1,4 prósent árið 2002. Á síðasta ári var hallinn kominn upp í 26,7 prósent af landsframleiðslu.

Skýringarnar liggja í auknum innflutningi vegna stóriðjuframkvæmda, þróun fasteignamarkaðar og sterkrar krónu. Hluti liggur



LÚÐVÍK ELÍASSON Hluti viðskiptahallans liggur hjá íslenskum félögum sem skráð eru erlendis en eiga hlut í íslenskum stórfyrirtækjum, að sögn greiningardeildar Landsbankans.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

þó hjá íslenskum fyrirtækjum sem að hluta eru í eigu íslenskra félaga sem skráð eru erlendis.

Lúðvík benti á að hagnaður átta stærstu fyrirtækja landsins sem skráð eru í Kauphöllina hefði numið 310 milljörðum króna í fyrra. Hagnaður fyrirtækjanna, sem öll eru að hluta í eigu félaga sem skráð eru erlendis, er færður til eigenda þeirra. Reiknast greiningardeildinni til að 100 milljarðar króna færist til félaga erlendis af hagnaði fyrirtækjanna átta. Sé ekki um arðgreiðslur að ræða er upphæðin bókfærð sem bein erlend fjárfesting. „Þetta veldur gríðarlegri hallamælingu,“ segir Lúðvík.

-jab

Þekkja Ísland

Ein afleiðing umrótsins sem íslensku bankarnir gengu í gegnum í fyrra var að miklu fleiri þekkja nú til Íslands, þar með taldir fjárfestar í skuldbindingum í íslenskum krónum.

Þetta kom fram í erindi Ingimundar Friðrikssonar seðlabankastjóra á ráðstefnu á vegum svissneska bankans UBS. Þar fjallaði hann um óróann á íslenskum fjármálamarkaði í fyrra.

Ingimundur sagði reynslu síðasta árs sýna að atburðir tengdir Íslandi geti smitað út frá sér. Fleiri viti nú meira um Ísland en að það ól Björk og Eið Smára Guðjohnsen.

-lms

Glitnir seldi ný bréf í Norway Pelagic

Glitnir í Noregi hafði umsjón með 2,2 milljarða króna hlutafjárútbóði Norway Pelagic sem varð til við samruna fimm norskra sjávarútvegsfyrirtækja í uppsjávarfiski. Félagið, sem var metið á rúma fimm milljarða, verður skráð á aðallista Kauphallarinnar í Ósló á fyrri hluta næsta árs.

Kjartan Ólafsson, hjá Glitni Securities í Noregi, segir að þetta sé félag sem verður með tæp fjögur hundruð þúsund tonn af makríl, loðnu og síld, bæði norsk-íslenskri og úr Norðursjó. Fyrirtækið er með um þriðjungs markaðshlutdeild í vinnslu á uppsjávarfiski í Noregi.

„Við fórum í „roadshow“ með fram allri vesturströnd Noregs, til London og Helsinki og erum mjög sátt við árangurinn.“ Kjartan

segir að stjórnendur Norway Pelagice muni fara í endurskipulagningu til að skera niður umframframleiðslugetu. Velta félagsins er um 23 milljarðar króna og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) rúmir tveir milljarðar króna. Kjartan á von á því að fyrirtækið sækji hlutafé við skráningu á næsta ári.

Mikið hefur verið um nýskráningar í Noregi það sem af er 2007 en Glitnir Securities er um þessar mundir að ljúka útboðsferli 24SEvenOffice sem er leiðandi fyrirtæki innan tölvutækni og ERP-internetlausna. Í lok mars lauk bankinn við að skrá REM, þjónustufyrirtæki við olíuönduðinn, í Kauphöllina í Ósló. Sú skráning tókst vel og hafa bréf félagsins hækkað um 33% frá henni. -eþa

Verja 440 milljónum til að kynna EVE

CCP stefnir að 300 þúsund notendum EVE í árslok.

CCP ætlar að verja sjö milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 440 milljóna króna, til markaðssetningar á fjölspilunarleiknum EVE online á þessu ári. Magnús Bergsson, markaðsstjóri CCP, segir að þetta sé um þrefalt hærra upphæð en sett var til markaðsmála í fyrra. Fyrirtækið vill reyna að ná til stærri og breiðari hóps notenda en þess harða kjarna sem spilar leikinn. Á móti er dýrara að ná til massans. „Við vitum ekki hvort þessi hópur getur spilað þennan leik á netinu. Þetta er ekki eins og að tefla á netinu.“ Meðal annars er horft til þess að

auglýsa leikinn á yahoo.

Magnús segir að stefnt sé að því að notendur EVE verði orðnir þrjú hundruð þúsund í árslok, jafn margir og íbúar Íslands. „Þetta eru björtustu vonirnar. Það er óvíst hvort við náum því marki og alls ekkert áfall ef það tekst ekki.“

CCP hefur keypt vélbúnað af IBM fyrir netþjóninn í Lundúnum en allur sá vélbúnaður vegur tvö tonn. „Við höfum alltaf átt gott samstarf við IBM og eigum einnig ágæt samskipti við Microsoft með ýmsa hluti,“ segir Magnús.

-eþa

Krónan helst sterk þrátt fyrir veikingu

Krónan hefur veikst um þrjú prósent vegna tillagna Hafrannsóknastofnunar um niðurskurð þorskafla. Líklegt að krónan haldist sterk þar til Seðlabankinn lækkar stýrivexti.

Guðrún Helga Sigurðardóttir
Skrifar

Krónan veiktist um tæp tvö prósent í fyrradag og hafði veikst um eitt prósent eftir hádegi í gær. Veiking krónunnar er rakin til þess að Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að þorskafla næsta fiskveiðisárs verði takmarkaður við 130 þúsund tonn. Aflinn á þessu fiskveiðisári er 193 þúsund tonn.

Gengi íslensku krónunnar veiktist töluvert í kjölfar fregnanna og fór úr 112 stigum í 114,6 stig í fyrradag. Hlutabréfamarkaðurinn lækkaði einnig lítillega, um 0,6 prósentustig. Gengislækkunin er talin hafa haft þar áhrif en þó hafa markaðir í Evrópu einni verið að lækka, eftir því sem fram kom í Hálfmímmfréttum Kaupþings.

Sjávarútvegsráðherra situr þessa dagana á rökstólum með aðilum fiskiðnaðarins og hagsmunahópa til að reyna að ná samkomulagi. Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir að farið verði bil beggja milli þess sem aflamarkið segir til um og þess sem Hafrannsóknastofnun leggur til og samdrátturinn verði um tuttugu prósent. Ef það gengur eftir fer aflamarkið úr 193 þúsund tonnum í 155 þúsund tonn.

Ragnhildur Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, segir að gengi krónunnar sé ennþá sterkt og ekki þurfi að leita lengra aftur en um miðjan maí, þá hafi vísitölugildið verið svipað og nú. Ragnhildur taldi að tölur um viðskiptajöfnuð, sem Seðlabankinn birti síðdegis í gær, gætu haft einhver áhrif til lækkunar gengisins.

„Við gætum séð sveiflur og meiri veikingu á næstu dögum en ég held samt að krónan haldist sterk áfram út sumarið og fram á haustið. Við gætum séð snarpa lækkun í haust þegar Seðlabankinn fer að lækka stýrivextina og áhugi á vaxtamun-



GÆTUM SÉÐ SVEIFLUR „Við gætum séð sveiflur og meiri veikingu á næstu dögum en ég held samt að krónan haldist sterk áfram út sumarið,“ segir Ragnhildur Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Glitni.

arviðskiptum minnkar hjá erlendum aðilum. Veikingin í gær og fyrradag gæti líka verið vegna þess að erlendir fjárfestar hafi verið að innleysa hagnað,“ segir hún.

Í Vegvísi Landsbankans kom fram að yrði farið að tillögum Hafrannsóknastofnunar gæti það haft veruleg áhrif á næsta ári þar sem mikill niðurskurður á aflaheimildum hefði umtalsverð áhrif á hagvöxtum auk þess sem það myndi setja mark sitt á afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Þó þætti ólíklegt að sjávarútvegsráðherra fylgdi ráðleggingum fiskifræðinganna til hins ítrasta.

TILBOÐ!
kr. 1.190.000
kr. 1.290.000



NIEWIADOW

Tilboð, hjólhýsi á ótrúlegu verði!



Innifalið í verði:
Fortjald, gashellur,
gaskútur, hitari
ísskápur o.fl.

Aðeins örfá hjólhýsi til
á þessu frábæra verði

VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til
endurvinnslu

Stórmarkaðir selja ekki fasteignirnar

Breska stórmarkaðakeðjan William Morrison hefur hætt við sölu á fasteignum fyrirtækisins til að bæta fjárhagsstöðuna.

Breskar verslanakeðjur hafa verið í sviðljósinu undanfarið vegna samdráttar í verslun tilrauna fjárfestingasjóða til að yfirtaka rekstur þeirra á fyrstu mánuðum ársins. Í kjölfar þess að yfirtakan á Sainsbury rann út í sandinn um miðjan síðasta mánuð þrýsti einn af hluthöfum hennar, breski fasteignafjárfestirinn Robert Tchenguiz, á að fasteignir keðjunnar yrðu losaðar úr rekstrinum og sjálf-



SIR PHILIP HAMPTON Stjórnarmann tveggja breskra verslanakeðja hafa ákveðið að selja ekki fasteignir fyrirtækjanna til að bæta fjárhagsstöðuna. Þeir segja fasteignisafnið verðmætt.

stætt félag stofnað um þær. Taldi hann Sainsbury verða fjárhagslega sterkara fyrir vikið.

Ken Morrison, stjórnarformaður Morrison og afabarn stofnanda stórmarkaðarins, sagði í síðustu viku að þótt allt stefndi í að Morrison gripi til sömu ráða væri það versluninni nauðsynlegt að halda í fasteignir sínar.

Að sögn breska viðskiptablaðsins Financial Times hefur sir Philips Hampton, stjórnarformanns Sainsbury, sömuleiðis dregið í land með sölu fasteigna.

- jab

Verðið lækkar hratt

Japanski hátækni framleiðandinn Sony hefur ákveðið að lækka verðið á Blu-ray háskerpuspilurum um fimmtung. Verðið hefur hriðlækkað síðan fyrsti spilarinn kom á markaði.

Fyrsti háskerpuspilarinn undir merkjum Sony kom á markað fyrir hálfu ári. Hann kostaði fyrst í stað um 1.000 dali, um 60.000 krónur, en hefur lækkað um helming síðan þá. Með lækkuninni nú mun hann hins vegar kosta um 400 dali, 25.000 krónur.

Að sögn Sony gerir mikil eftirspurn eftir spilurum sem

þessum fyrirtækinu kleift að lækka verðið.

Breska ríkisútvarpið bendir á að til samanburðar kosti myndspilari frá Toshiba, sem styður HD-DVD staðalinn, helsta keppinaut Blu-ray, einungis 300 dali út úr búð. Hefur það eftir greinendum að ástandið nú minni á það þegar baráttan um Betamax og VHS-staðlana stóð sem hæst snemma á níunda áratug síðustu aldar. Viðskiptavinir haldi margir að sér höndum nú líkt og þá þar sem þeir vilji sjá hvaða staðall verði ráðandi.

- jab

Presley ekki lengur í eigu almennings

Gengi hlutabréfa í bandaríska fyrirtækinu CKX Inc. hækkaði um 35 prósent og fór í methæðir á fimmtudag eftir að félagið tilkynnti að það ætlaði að kaupa öll útistandandi bréf í félaginu, sem eftir viðskiptin verður rekið sem einkahlutafélag.

Roberts Sillerman, forstjóri fyrirtækisins, og Simon Fuller, heilinn á bak við American Idol-þættina, standa á bak við kaupin, sem nema 1,3 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra átta tíu milljarða íslenskra króna.

Greitt verður fyrir bréfin með reiðufé og hlutum í fasteigna-



ELVIS PRESLEY Fyrirtækið sem á meðal annars réttinn að vörumerki Elvis Presley ætlar að taka bréf félagsins af markaði.

félagi Sillermans, sem byggir og rekur lúxusíbúðir.

CKX Inc., sem skráð er á á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum, á Graceland, heimili bandaríska rokkgoðsins Elvis Presley í Memphis, sem og vörumerki hans. Auk hans eru nokkrir frægir einstaklingar undir hatti fyrirtækisins, svo sem David Beckham.

CKX á auk þessa hugverkaréttinn að ýmsum keppnum, svo sem að Idol-nafninu víða um heim, þar á meðal hér, og keppninni So You Think You Can Dance í gegnum félag Fullers, 19 Entertainment.

- jab

Hagvöxtur vestanhafs undir væntingum

Samdráttur á fasteignamarkaði í Bandaríkjunum skilaði sér í minni einkaneyslu á fyrsta fjórðungi ársins.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Hagvöxtur jókst um 0,6 prósent í Bandaríkjunum á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt tölum sem bandaríska viðskiptaráðuneytið birti á fimmtudag. Hagvöxturinn hefur ekki verið minni á þriggja mánaða tímabili í rúm fjögur ár.

Niðurstaðan er talsvert undir væntingum greinenda enda hafði verið gert ráð fyrir vexti upp á 0,8 til 1,3 prósent á tímabilinu. Einkaneysla jókst á sama tíma um 4,4 prósent á milli ára.

Verðlækkunir á fasteignamarkaði á fjórðungnum eiga stóran þátt í samdráttinum. Fasteignaverð lækkaði almennt um 1,4 prósent í Bandaríkjunum á fyrstu þremur mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra, auk þess sem minna var byggt á tímabilinu. Inn í spilar mikill samdráttur á fasteignalánamarkaði í mars sem hafði áhrif á fjármálamarkaði víða um heim. Fasteignalánamarkaðurinn var sérstæður að því leytnu til að lán-takendur fjármálastofnana í þessum geira voru

með slæmt láns hæfi og höfðu í einhverjum tilfellum lent í greiðsluferðileikum. Urðu fjölmargar fjármálastofnanir í Bandaríkjunum fyrir skakkaðum vegna samdráttarins og varð að minnsta kosti einn stór aðili á markaðnum gjaldþrota. Óttast var í fyrstu að þrengingarnar myndu smita frá sér út í efnahagslífið. Það gekk hins vegar ekki eftir.

Verðlækkunin nú er almenn og greindist í þrettán stórborgum vestanhafs. Hún var þó mikil eftir borgum, einna mest í Detroit þar sem fasteignaverð lækkaði að meðaltali um átta prósent á milli ára. Þetta mun sömuleiðis vera fyrsta almenna verðlækkunin á bandarískum fasteignamarkaði í sextán ár, að sögn bandarísku fréttaveitunnar Bloomberg sem spáði því í vikunni að þetta, samhliða hárrí verðlagningu á eldsneyti, sem er sérstaklega slæm að sumri til, gæti haft neikvæð áhrif á einkaneyslu, sem er stór liður í hagvaxtartölu.

Greinendur segja greinilegt að botninum sé náo og gera ráð fyrir um 2,5 til 3,0 prósentu hagvexti á yfirstandandi fjórðungi.

Tchenguiz brigslað um kaup í Sainsbury

Talsverð viðskipti voru með bréf í breska stórmarkaðnum Sainsbury eftir lokun markaða í bresku kauphöllinni í Lundúnum á miðvikudag í síðustu viku. Ein þeirra voru upp á 3,6 milljónir punda, jafnvirði tæpra 440 milljóna íslenskra króna. Töldu miðlarar líkur á að þar hefði fasteignajöfurn Robert Tchenguiz verið á ferðinni að bæta við eignasafn sitt í þessari þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands.

Gengi bréfa í Sainsbury tók stökkið undir lok febrúar eftir að sá orðrómur fór á kreik að

yfirtökutilboðs væri að vænta frá hópi stórra fjárfestinga-félaga. Fjöldi fjárfesta stökk á lestina, þar á meðal Tchenguiz. Hann bætti við sig á skömmum tíma og var fljótlega kominn með fimm prósentu hlut. Eftir að yfirtökutilboðið rann út í sandinn í apríl kom hann með hugmyndir að breyttum rekstri og sóttist eftir setu í stjórn.

Gengi bréfa í stórmarkaðnum hækkaði um fimm prósent við viðskiptin í síðustu viku og fór í 555 pens á hlut. Það hefur verið á uppleið síðan og stóð á mánu-dag í 561 pens á hlut.

- jab

Bókhald General Motors í skoðun

Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir bókhaldsgögnum um síðasta ársuppgjör bandaríska bílaframleiðandans General Motors og viðskiptasamninga félagsins á erlendri grund. Fyrirtækið segir að búist hafi verið við þessu.

Þetta mun ekki vera í fyrsta sinn sem eftirlitið knýr dyra hjá bílaframleiðandanum en fyrr á þessu ári fór það fram á að fá afhent gögn vegna tafa



ÚTSALA HJÁ GENERAL MOTORS Bandaríska fjármálaeftirlitið vill skoða bókhaldsgögn bandaríska bílaframleiðandans General Motors fyrir síðasta uppgjör. MARKAÐURINN/AFP

á birtingu ársuppgjörins hjá General Motors.

Stjórnendur General Motors hafa unnið að mikilli hagræðingu í rekstri síðan í fyrra en þá tapaði fyrirtækið tveimur milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 124 milljarða íslenskra króna. Félagið skilaði hins vegar hagnaði upp á 950 milljónir dala, jafnvirði 59 milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

- jab

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádegini kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



Gerum það rétt,
og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður ápreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is


Gutenberg

Einkavæðingin heldur innreið sína í Færeyjar

Viðskipti með bréf Føroya banka hefjast í kauphöllunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn í kringum 21. júní í kjölfar hlutafjárútbóðs sem nú er að hefjast. *Hólmsfríður Helga Sigurðardóttir* sló á þráðinn til Janusar Petersen, forstjóra Føroya banka, og forvitnaðist um framtíðaráform bankans.

Færeyingar stíga nú fyrsta skrefið í einkavæðingarátt með sölu Føroya banka. Bankinn, sem er einn stærsti banki Færeyja, var stofnaður árið 1906. Árið 1992 settu dönsk og færeysk yfirvöld á fót sjóðinn Fíggingargrunnurinn frá 1992 í kjölfar fjárhagskreppu sem reið yfir landið. Sjóðurinn yfirtók Sjóvinnubankann og meirihluta Føroya Banka og sameinaði undir nafni þess síðarnefnda. Sex árum síðar afhentu dönsk yfirvöld færeysku landsstjórninni full yfirráð yfir sjóðnum.

Ákvörðun var tekin um einkavæðingu Føroya banka á hundrað ára afmæli hans í fyrra. Á mánuðag sendi bankinn frá sér útbóðslýsingu. Þar kemur fram að frá og með 11. júní verði 66 prósent hlutabréfa hans til sölu í opnu útbóði. Er áætlað að því ljúki hinn 19. júní en í fyrsta lagi hinn 13. júní klukkan 15 að íslenskum tíma.

Í útbóðinu eru í boði sex milljónir hluta á tuttugu krónur danskur hver að nafnvirði. Að auki er heimild til umframúthlutunar 600 þúsund hluta. Er áætlað að verð hlutanna muni liggja á bilinu 162 til 189 danskur krónur. Það þýðir að markaðsvirði bankans liggur á bilinu 1,62 til 1,89 milljarðar danskra króna. Það er á bilinu rúmlega 18 til rúmlega 21 milljarðar íslenskra króna.



FRÁ KYNNINGARFUNDI ÚTBÓÐSINS
Eyðun á Rógvi, stjórnarformaður Fíggingargrunnurinn frá 1992, Súni Schwartz Jacobsen, framkvæmdastjóri Føroya banka, Janus Petersen, forstjóri Føroya banka, og Jóhan Páll, stjórnarformaður Føroya banka.

MIKILL UNDIRBÚNINGUR AÐ BAKI
Ef færeyska ferlið verður eitt-hvað líkt því íslenska er óhætt að segja að bankinn, sem Janus Petersen hefur stýrt undanfarið ár og starfað hjá í þrettán ár, muni ganga í gegnum stökkbreytingu. „Við eigum mikið verkefni fyrir höndum,” segir Janus. „En við erum líka vel undirbúin. Við höfum undirbúning einkavæðingarinnar fyrir rétt um tveimur árum síðan. Við höfum meðal annars verið að bæta kjarna-hæfni okkar og alla innviði bankans. Við höfum líka laðað að okkur mikið af nýju og hæfu starfsfólki. Við höfum stækkað

hratt, um 33 prósent á síðasta ári. Við vissum að við þyrftum að bjóða þetta og góða þjónustu þegar við yrðum skráð á hlutabréfamarkað og okkur hefur tekist það. Við erum fullviss um að við getum haldið áfram að vaxa og gefið fjárfestum okkar góða ávöxtun.“

Þjónustuframboð Føroya banka er sambærilegt framboði annarra norræna banka. Starfsemi bankans skiptist í þrjú megin-svið: viðskiptabankasvið, fyrirtækjasvið og verðbréfasvið. Þar að auki á og rekur bankinn annað stærsta váttryggingafélag Færeyja, Trygd. Alls starfa hjá bankanum um 225 manns, viðskiptavinir hans eru um átján þúsund og fyrirtæki í viðskiptum við bankann eru sautján hundruð.

Hagnaður Føroya banka á árinu 2006, fyrir afskriftir útlána og skatta, nam 125 milljónum danskra króna. Lánastarfsemi jókst um 33 prósent milli ára og

var 5,4 milljarðar danskra króna. Hagnaðurinn á fyrsta ársfjórðungi 2007 setti líka góðan tón fyrir áframhaldandi vöxt á árinu og nam 49 milljónum danskra króna. Er áætlaður hagnaður fyrir afskriftir útlána og skatta á árinu 2007 145 til 165 milljónir danskra króna.

BÚIST VIÐ GÓÐRI ÞÁTTTÖKU

Hlutabréf Føroya banka verða skráð í Kauphöll Íslands og í Kauphöllina í Kaupmannahöfn. Íslenska kauphöllin verður aðal-skráningarstaður bréfanna. Áætlað er að viðskipti með bréf í bankanum hefjist í kauphöllunum í kringum 21. júní.

Ákvörðun um tvíhliða skráningu var tekin til að tryggja sem víðtækasta þátttöku í útbóðinu. Almenningsi í Færeyjum, Íslandi og Danmörku og alþjóðlegum stofnanafjórðingum býðst að taka þátt í því. Færeyska landstjórnin hefur lagt töluvert upp

úr því að virkja áhuga Færeyinga á þátttöku í útbóðinu. Mikið hefur verið lagt upp úr kynningu útbóðsins í Færeyjum og er almennt búist við góðri þátttöku. Janus býst einnig við góðri þátttöku hér á landi. „Við höfum þegar fengið vísbendingar um að áhuginn sé mikill á Íslandi. Okkur skilst að Landsbankinn, sem sér um útbóðið á Íslandi, hafi fengið talsvert margar fyrirspurnir um skráninguna. Þá höfum við átt fundi með mörgum íslenskum fjárfestum sem hafa áhuga á að eignast hlut í bankanum. Við vonumst líka eftir góðri þátttöku íslensks almennings.“ Greining Glitnis mælti í Morgunkorni sínu í gær með kaupum í bankanum.

Sem fyrr segir er Føroya banki meðal stærstu banka Færeyja, með 44 prósent markaðs-hlutdeild í útlánunum og 39 prósent hlutdeild á innlánamarkaði. Bankinn rekur tuttugu útibú í Færeyjum. Stefna hans er að verða leiðandi í fjármálastarfsemi í Færeyjum og að bjóða valda fjármálaþjónustu á alþjóðlegum vettvangi. Helsta markmið bankans er tíu prósent sam-feldur meðalvöxtur á ári hvað varðar hreinar vaxtatekjur og þóknarir og tólf prósent lang-tímahagnaður eftir skatta af hlutafjareign. Til að ná þessum markmiðum horfa stjórnendur bankans til samstarfs við norræna banka. Janus segir ekki ólíklegt að Føroya banki muni fjárfesta í eða auka samstarf við íslenska banka. Íslendingar muni verða meira varir við Færeyninga í viðskiptalífni í framtíðinni.

JÁKVÆÐIR GAGNVART EINKAVÆÐINGU

Einkavæðing Føroya banka er fyrsta skref færeysku landstjórnarinnar í mikilli einkavæðingarbylgju sem fram undan er. Önnur fyrirtæki sem fyrirhugað er að einkavæða eru lífeyris-sjóðurinn Liv pensjonssekskab, flugfélagið Atlantic Airways og símafyrirtækið Føroya Tele. Einkavæðingin byggir að miklu leyti á reynslu Íslendinga. „Þetta er að mínu mati nokkuð nákvæm afritun af ferlinu eins og það var á Íslandi,” segir Janus. Hann segir Færeyninga upp til hópa jákvæða í garð einkavæðingar Føroya banka. „Fólk lítur á þetta sem nýja byrjun. Á kynningarfundum einkavæðingarinnar fundum við fyrir afar jákvæðu viðmóti. Það er ljóst að einkavæðing bankans er gæfuspör fyrir Færeyjar. Dagur kynningarfundarinnar var sá besti á árinu. Sólin skem og hitastigið náði tuttugu stigum. Framtíðin brosir við okkur.“ ■



JANUS PETERSEN, FORSTJÓRI FØROYA BANKA
Janus segir Føroya banka vel búinn undir það breytingarferli sem fram undan er. Hann segir Íslendinga munu heyra mun meira frá Færeyingum á næstu árum.

Viðskiptahúsið

Fjárfestingatækifæri í ýmsum atvinnugreinum

- Glæsileg og vel þekkt kvennfataverslun
- Stórir áhugaverðir byggingareitir á höfuðborgarsvæðinu
- Stór og vel staðsett matvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu
- Öflugt fyrirtæki í bílgreininni
- Byggingafyrirtæki með góða viðskiptasamninga
- Þjónustufyrirtæki í málmiðnaði
- Herrafataverslun í blóma
- Matvælavinnsla með sérstöðu
- Fiskvinnsla hérlandis og erlendis
- Bráðvantar gott hótél

Áhugasamir hafið samband við:

Hörð Hauksson Gsm: 896 5486 • Atla Viðar Jónsson Gsm: 898 2533
og Gísla Bogason Gsm: 863 0509

Fyrirtækjasvið Viðskiptahússins annast:

- Kaup og sölu fyrirtækja eða rekstrareininga og samrunaferli.
- Kaup og sölu á fasteignum þeim tengdum og byggingalóðum fyrir atvinnuhúsnæði, landareignum og bújörðum.
- Fjármögnun verkefna.

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • www.viðskiptahusid.is

Miðlaðu á **markvissan** hátt með **Netvision**



NETVISION

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Leiðin að öruggri ávöxtun

Nýr flokkur óverðtryggðra ríkisbréfa til tveggja ára

Ríkissjóður hefur gefið út nýjan flokk ríkisbréfa til tveggja ára en útgáfufyrirkomulag ríkisbréfa miðar að því að bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði með því að brúa bilið á milli skammtíma- og langtíma-vaxta. Nýjir flokkar ríkisbréfa eru nú gefnir út með sex mánaða millibili og gegna mikilvægu verðmyndandi hlutverki á markaði. Fjárfestar munu geta notað tveggja ára ríkisbréf til að auka enn frekar fjölbreytni í eignasófnum sínum sem jafnar sveiflur í ávöxtun.

Nýr flokkur ríkisbréfa verður tekinn á skrá OMX Norrænu kauphallar Íslands og verður viðskiptavakt með flokkinn í höndum aðalmiðlara ríkisverðbréfa sem mun tryggja seljanleika á eftirmarkaði. Ríkisbréfin bera auðkennið RIKB 09 0612, eru óverðtryggð og bera 8,50% ársvexti sem greiðast eftir á, 12. júní ár hvert. Ávöxtunarkrafan ræðst í útboði.

Söluþyrirkomulag:

Fyrsta útboð ríkisbréfa til tveggja ára verður haldið miðvikudaginn 13. júní kl. 14:00. Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa hafa einir heimild til að leggja fram tilboð í útboðum en þeir annast miðlun fyrir fjárfesta. Frekari gögn er hægt að nálgast í afgreiðslu og á heimasíðu Lánasýslu ríkisins, www.lanasysla.is

Aðalmiðlarar með ríkisverðbréf eru:

Glitnir
Icebank
Kaupþing Banki
Landsbanki Íslands
MP Fjárfestingarbanki
Saga Capital Fjárfestingarbanki
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki



LÁNASÝSLA
RÍKISINS

Borgartún 21, 150 Reykjavík • Sími 540 7500,
Fax 562 6068 • www.lanasysla.is

Fjármálakauphöllin á fljúgandi ferð

Úrvalsvísitalan hefur tvöfaldast á tveimur árum og gengi sumra hlutabréfa hefur tífaldast á öldinni. Viðmælendur Markaðarins eru bjartsýnir um framþróun markaðarins. Aukin velta og þátttaka útlendinga, fjölgun skráðra félaga og væntingar um frekari fjárfestingar fyrirtækja gætu stutt við vöxtinn. Eggert Þór Aðalsteinsson skoðaði þróun mála í Kauphöllinni að undanfögnu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hlutabréfamarkaðurinn hefur verið á mikilli siglingu á árinu og er hækkun Úrvalsvísitölunnar í ár orðin töluvert meiri en allt árið í fyrra þegar markaðurinn skilaði um sextán prósentu ávöxtun. Stefnir því allt í að markaðurinn hækki sjötta árið í röð en við lokun markaða á mánudaginn stóð vísitalan í 8.090 stigum. Gerir það um 26,2 prósentu árshækkun. Því vantar ekki nema fjórðungshækkun upp á að vísitalan fari yfir tíu þúsund stiga múrinn.

MEÐ VESKIN Á LOFTI

Hækkun hlutabréfaverðs á árinu skýrist af ýmsum þáttum. Aðstæður á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum hafa verið hagfelldar og ekki er útlit fyrir annað en að afkoma stærstu félaga verði áfram góð. Greiður aðgangur er að fjármagni og virðast fjárfestar tilbúnir að taka bæði á sig gengisáhættu og setta sig við hátt vaxtastig. Væntingar um áframhaldandi ytri vöxt fjármálafyrirtækja og stærstu rekstrarfélaga hafa verið miklar og stóru félögin hafa staðið við yfirlýst markmið um fyrirtækjakaup.

Exista hleypti miklu lífi inn á markaðinn í febrúar þegar félagið festi kaup á ríflega fimmtán prósentu hlut í Sampo Group. Margir hafa gengið svo langt og kallað inngöngu Existu í Sampo einhver stærstu tíðindin í sögu viðskiptalífs hér á landi. Sampo er með ansi álitlega stöðu á norrænum fjármálamarkaði, sem ugglaut á eftir að taka miklum breytingum á næstunni.

„Maður fær það á tilfinninguna að allar yfirtöku- og útrásarfréttir styðji frekar við hækkun hlutabréfaverðs heldur en hitt.“

Jónas G. Friðþjófsson
hjá Glitni

GENGISBREYTING Á ÁRINU 2007

Félag	Ársbreyting
Atlantic Petroleum	128,1%
Vinnslustöðin	88,9%
Exista	48,9%
Landsbanki	39,8%
Actavis	31,3%
Hf. Eimskipafélagið	30,6%
Kaupþing	29,6%
Straumur-Burðarás	21,8%
Glitnir	21,0%
Atorka Group	18,6%
Nýherji	15,8%
FL Group	12,9%
Bakkavör Group	12,5%
Marel	10,3%
Mosaic Fashions	9,8%
TM	3,7%
Icelandair Group	0,9%
Alfesca	-0,6%
Össur	-2,7%
Sláturfélag Suðurlands svf.	-5,1%
Teymi	-5,2%
Icelandic Group	-12,2%
365 hf.	-21,3%
Flaga	-22,9%

* Miðað við lokagengi 4.6.2007



ALLT STEFNIR Í AÐ HLUTABRÉFAMARKAÐUR HÆKKI SJÖTTA ÁRIÐ Í RÖÐ

Úrvalsvísitalan hefur hækkað meira en allt árið í fyrra. Hún stendur nú nærri þeim gildum sem greiningardeildir bankanna horfðu á í árslok þegar þeir gáfu út afkomuspár fyrir 1. ársfjórðung.

MARKAÐURINN/STEFÁN

Viðskiptabankarnir hafa allir verið með seðlaveskið á lofti. Kaupþing fór upp í fimmtungshlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand, Glitnir er að ljúka við yfirtöku á eignastýringarfyrirtækinu FIM Group í Finnlandi og Landsbankinn keypti Bridgewell, breskt verðbréfafyrirtæki og fjárfestingarbanka. Straumur-Burðarás fylgdi svo í kjölfarið þegar bankinn eignaðist meirihluta í eQ Corporation í Finnlandi.

Sala Karls Wernerssonar á fjórtán prósentu hlut í Glitni losaði um mikla fjármuni, sem hann nýtti að einhverju leyti til kaupa á Invik í Svíþjóð fyrir 70 milljarða króna.

Síðast en ekki síst hefur Björgólfur Thor Björgólfsson í hyggju að taka yfir Actavis fyrir 176 milljarða króna. Óvíst er hvernig þau mál þróast en fastlega má búast við að miklir fjármunir muni streyma aftur inn á markaðinn gangi yfirtakan eftir. Það vekur athygli að eitt af burðarfélögunum í Kauphöll er yfirtekið og ekki er loku fyrir það skotið að það sama gerist hjá einhverju af stóru fjármálafyrirtækjunum fyrr eða síðar.

LÆKKUN EKKI Í SPILUNUM

Í tengslum við afkomuspár á fyrsta ársfjórðungi birtu greiningardeildir viðskiptabankanna jafnframt spár um þróun hlutabréfamarkaðarins á árinu. Miðað við þær er enn eitthvert svigrúm til hækkana en spár bankanna um árshækkun Úrvalsvísitölunnar lágu á bilinu 30-37 prósent, eða í 8.333-8.781 stigi.

Greining Glitnis spáði um

Stefnir í veltumet á hlutabréfamarkaði

28 prósentu veltuaukning á milli ára.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins skiptu hlutabréf um hendur fyrir 1.239 milljarða króna í Kauphöll Íslands og stefnir allt í að veltumet síðasta ársins falli á árinu. Heildarvelta með hlutabréf nam 2.192 milljörðum króna í fyrra sem var áttatíu prósentu aukning frá árinu 2005.

Nú þegar velta ársins 2007 orðin sú næstmesta frá upphafi


íslenska hlutabréfamarkaðarins.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins var veltan 28 prósentum meiri en á sama tímabil í fyrra.

Sem dæmi um þá gríðarlegu aukningu sem hefur orðið á hlutabréfaviðskiptum í Kauphöllinni á síðustu árum þá var veltan í fyrra ellefufalt meiri en árið 2000.

- epa

HLUTABRÉFAVELTA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS Í MILLJÖRÐUM KRÓNA



veiðimaðurinn

MIÐVIKUDAGUR 6. JÚNÍ 2007



FRÉTTABLAÐIÐ

VEIÐI  HÖLLIN

ALLT Í VEIÐINA

Veiðihöllin - Suðurlandsbraut 4 - 108 Reykjavík - Símar 533 1115 - 893 7654 - www.veidihollin.is

Að velja stöng er eins og að bjóða konu upp í vals

Stefán Á. Magnússon hefur starfað sem leiðsögumaður og leiðbeinandi í veiðimennsku síðastliðin 37 ár. Reynsluna nýtir hann sér við kennslu í fluguköstum í bænum og staðarleidsögn í Norðurá í ágúst, þar sem hann hefur að eigin sögn veitt og kennt í samfleytt tvö ár.

„Ég kenni ýmist hjónum, þremur eða mest fjórum pörum í senn, fluguköstin,“ segir Stefán, glaðhlakkalegur í bragði. „Ég get skaffað stangir, hjól eða línu ef áhugi er fyrir hendi. Samspil líkamsvaxtar, hreyfingar og stangar skiptir nefnilega miklu máli og er að mörgu leyti svipað því og að bjóða konu upp í vals. Gangi hann vel er hægt að fara í tangó. Stígi hún á lappirnar á manni



Stefán Á. Magnússon hefur starfað sem leiðsögumaður og leiðbeinandi í 37 ár. Hann kennir fluguköst í bænum og verður með staðarleidsögn í Norðurá í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í hverju spori er hins vegar betra að fá sér aðra stöng. Ég samdi meira að segja vísu til að lýsa þessu,“ segir hann og ræskir sig:

*Þú hristist í höndum mínum
hugljúf, grönn og löng
blíð í þokka þínum
þú, mín laxastöng.*

Stefán segir almennan áhuga fyrir veiðimennsku fara sívaxandi og rekur hann til veiðigens sem hann telur þjóðina búa yfir. „Ég held að Íslendingar séu hreinlega með innbyggt veiðigen í sér. Líklegast af því að við börðumst í bökkum til að afla okkur matar áður fyrr, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði.

Ég tók vel eftir þessu á meðan ég var með barna- og unglingastarf á vegum Stangaveiðifélags Reykjavíkur í samfleytt sjö ár og átti orðið 144 börn þegar yfir lauk. Börnin voru oft hikandi í upphafi, en þegar þau höfðu fengið tilfinningu fyrir veiðinni var hún komin til að vera. Veiðibakterían hafði verið vakin úr dvala á bökkunum.“

Á löngum ferli sínum sem leiðsögumaður hefur Stefán upplifað eitt og annað og kann því frá mörgu skemmtilegu að segja. Eitt er sagan af því hvernig hann leiðbeindi manni í veiði í gegnum síma og fékk í kjölfarið viðurnefni sem loddði við hann í mörg ár. „Ég var mikið uppi í Norðurá kringum 1980, þar sem ég sinnti meðal annars breskum og bandarískum ferðamönnum,“ rifjar hann upp. „Oft var veitt til tíu á kvöldin og síðan borðað. Ég kaus hins vegar að gista í bænum og náði alltaf að mæta í veiði á réttum tíma daginn eftir.

Einu sinni svaf ég þó yfir mig og gat ekki annað gert en að hringja upp í Norðurá, til að leiðbeina þar manni hvernig hann skyldi byrja að veiða staðinn. Svo brunaði ég upp á staðinn og kom að veiðimanninum þar sem hann var búinn að setja í fyrsta laxinn. Ég rétt slapp fyrir horn og var kallaður símaleiðsögumaðurinn eftir það, fyrir að geta leiðbeint mönnum í Norðurá alla leið frá Garðabæ,“ segir hann hlæjandi og bætir við að í seinni tíð sé hann þó betur þekktur sem Doktor Fly, en það sé vegna kennslunnar í fluguköstum.

roald@frettabladid.is



Stefán sést hér með uppstoppaðan tuttugu punda lax sem hann veiddi á sínum tíma í Verskálahl í Sandá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Carl Zeiss

sjónaukar

www.hlad.is

Hlad ehf. · Bildshöfða 12 · Sími: 567 5333

Þegar smáatriðin skipta máli

Mikið úrval hand- og riffilsjónauka

● LÍFLEGT SPJALL Á VEIDI.IS

Veiðivefurinn www.veidi.is var stofnaður árið 1995 og hefur stækkað hægt og sígandi. Þar má fá ýmsar upplýsingar um veiði, allt frá dorgveiði og stangveiði til skotveiði og fluguveiði. Auk þess er þar að finna töluvert af upplýsingum um ár og vötn.

Umræðan er lífleg á síðunni en veiðimenn geta þar skipst á sögum, upplýsingum og ráðum.

Á myndasíðunni geta menn sett inn myndir af góðum feng auk þess sem vinsælt er að sýna hinar mismunandi flugur sem verið er að hnýta hér og þar.

www.veidi.is



HJÁ OKKUR FÆRÐ ÞÚ ALLT Í VEIÐINA

SUMARIÐ ER KOMIÐ Í VEIÐIVON

NÚ EINNIG Á DALVEGI 18 Í KÓPAVOGI



Simms Freestone vöðlur
4 laga öndunarfíla
Freestone vaðskór
Vöðlubelti

Kr. 28.900,-

~~Kr. 34.800,-~~



Simms Classic Master vesti
Rúmgóðir Vasar
Létt og þægilegt

Kr. 8.900,-

SIMMS



Simms Classic Guide vöðlujakki
3 laga Gore-Tex® öndunarfíla
Rúmgóðir brjóstvasar
Rúmgóður vasi á baki

Verð nú

Kr. 33.900,-

SAGE



Simms 12 Gore-Tex® vöðlur
3 laga öndunarfíla
L2 vaðskór
Vöðlubelti

Kr. 38.900,-

~~Kr. 46.800,-~~



SAGE Fly flugustangarsett
9' 4 parta flugustöng
SAGE fluguhjól
Flugulína og undirlína

Kr. 39.900,-



SAGE Launch flugustangarsett
9' 4 parta flugustöng
SAGE fluguhjól
Flugulína og undirlína

Kr. 29.900,-



Norstream flugustangarsett
9' flugustöng
Norstream fluguhjól
Flugulína og undirlína

Kr. 12.900,-

~~Kr. 19.800,-~~

Veidistangarsett fyrir börnin
frá kr. 2.200,-

Daiwa

Daiwa neoprene vöðlur
4mm m/fíltsóla

Kr. 9.900,-

~~Kr. 11.900,-~~

Mikið úrval af veiðitöskum
frá kr. 1.500,-

Daiwa spinnhjól
20 % afsláttur



Öndunarjakki á frábæru verði!
Aðeins á
Dalvegi 18

Kr. 11.900,-

~~Kr. 15.900,-~~

Daiwa veiðivesti



Kr. 5.900,-

~~Kr. 7.900,-~~

VEIÐIKORTIÐ
Ómissandi veiðifélagi!



Kr. 5000,-

Veidivon

FJALLAKOFINN



Since 1855
ajungilak[®]
of Norway

by **MAMMUT**

www.fjallakofinn.is



Birgir Ævarsson í hinni nýju RB veiðibúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Veiðikortið 2007
veidikortid.is



Nú enn fleiri vatnasvæði!

29 vatnasvæði fyrir aðeins 5000 krónur!

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á N1, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is

Allt til stangveiði til stranda, sjós og lands

Stangveiðimenn ættu að finna flest sem viðkemur áhugamálinu í nýrri verslun að Skútuvogi 4. Hún heitir RB veiðibúð og þar er Birgir Ævarsson aðal-karlinn.

„Við opnuðum hér 11. maí. Vorum áður með verslun í Vatnagörðum sem hét Rafbjörg og einbeittum okkur að sjóstangaveiði. Nú höfum við bætt við öllu sem þarf til stangveiða til sjós og lands, fluttum í Skútuvog 4 og breyttum nafninu í RB veiðibúð,“ segir verslunarstjórinn Birgir hressilega. Hann kveðst sinna trillukörslunum áfram og vera með öryggisfatnað eins og flotgalla og björgunarvesti, vatna-báta og sjóbáta. Nýtt merki sem



Það er fallegt fluguefnið.

heitir Bromanmodel nefnir hann líka. Það er sænskt. „Við erum með flugustangir, fatnað, kaststangir og fleira frá Broman,“ segir hann og tekur fram að væntanlegir séu fulltrúar frá því fyrirtæki til að kynna vöruna.

Pokabeita er eitt af því sem fæst í RB veiðibúð. Hún er fyrir sjóstöngina og strandveiðina. „Þetta er eiginlega eins og tepoki,“


útskýrir Birgir. „Það er húkkað í miðjuna og síðan gefur þokinn frá sér lykt og bragð og þrælvirkar. Menn gætu ábyggilega prófað þetta líka í vatnaveiði.“

Birgir segir sérfræðinga í strandveiði væntanlega til að kynna sportið og fleiri kynningar eru á döfni. Sjálfur er hann búinn að vera bæði í sjóveiði og flugveiði svo hann hefur reynslu að miðla. Birgir selur líka veiðileyfi og veiðikortið sem gildir víða um land og kostar 5.000 krónur. „Það eru mörg vötn innifalin í kortinu og það er mjög sniðugt,“ segir hann. „Við finnum fyrir því að fleiri stangir seljast fyrir silungsveiði en lax.“ Heimasíða verslunarinnar er www.rbv.is

gun@frettabladid.is

VEIÐIFERÐIR TIL GRÆNLANDS Í SUMAR

SAUÐNAUTAVEIÐI
HREINDÝRAVEIÐI
STANGVEIÐI



FERÐASKRIFSTOFA
GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF
BORGARTÚNI 34 - S. 5111515
WWW.GJTRAVEL.IS
OUTGOING@JTTRAVEL.IS

Grafinn lax

Nú er laxveiðitímabilið að hefjast og fjöldi laxa væntanlegur á land í sumar. Ferskur lax er alltaf góður á grillið, í ofninn eða bara beint í pottinn en eins getur hann verið frábær grafinn. Það er lítið mál að grafa laxinn sjálfur heima og hér er uppskrift að gröfum laxi auk tveggja sósuuppskrifta.

- 1 lax
- 4 msk. salt
- 2 msk. sykurl
- 4 tsk. grófmalaður hvítur pipar
- dill eftir þörfum

1. Flakið laxinn en roðflettið ekki. Perrið vel með eldhúspappír
2. Blandið saman salti, sykri og pipar og núði því í laxinn.
3. Takið til djúpt, aflangt ílát. Leggið annað flakið í ílátið með roðhliðina niður. Stráið vel af grænu dilli yfir.
4. Gerið eins með hitt flakið og leggið það ofan á það fyrra. Látið sporðinn snúa að efri hluta hins flaksins.
5. Leggið bretti yfir og einhvern þungan hlut þar ofan á. Geymið laxinn í ísskáp í 1-2 sólarhringa. Snúðið laxinum við í íláti eftir um það bil einn sólarhring.
6. Áður en laxinn er sneiddur og borinn fram er best að skafa kryttið af og strá dilli yfir.



Einfalt mál er að grafa laxinn en hafa ber í huga að hann geymist ekki lengi í ísskápnum þannig að hann haldist ferskur. Þá getur verið gott að frysta hann en hann verður þó lausari í sér fyrir vikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HAFIÐ Í HUGA: Grafinn lax geymist ekki lengi í kæli og er ekki eins góður eftir 4-5 daga. Þá er betra að frysta hann en búast má við að hann verði lausari í sér.

GRAFLAXSÓSA - DILLSÓSA

- 1 dós (200 g) sýrður rjómi 10%
- 4 msk. majónesi
- 2 msk. dill
- 2-3 tsk. sykurl
- ½ tsk. svartur pipar
- 2-3 msk. sætt sinnep

1. Blandið saman sýrðum rjóma og majónesi.
2. Bætið kryddinu út í og hrærið vel
3. Látið biða í 2-3 klukkustundir í kæli.

Félagsskapur skiptir máli

Margrét Sverrisdóttir varaformaður Íslandshreyfingarinnar er mikil veiðikona. Hún segir þó að náttúran, útvistin og ýmislegt annað skipti meira máli en veiðin sjálf.

Margrét segist hafa stundað stangveiði alveg síðan hún var krakki. „Ég byrjaði svona tólf ára með maðk en núna stunda ég bara fluguveiði. Ég er alltaf með tvíhendu, sem mér hefur fundist þægilegt og ég myndi segja að hentaði konum vel. Mér finnst til dæmis mjög gott að vera með hana þar sem er mikið vatn eða hvasst,“ segir Margrét.

Uppáhalds veiðiáin hennar Margrétar er að hennar sögn Hrútafjarðará. „Það kom nú eiginlega bara af sjálfu sér því þegar ég var krakki var pabbi leigutaki í ánni og var það í hátt í fjórutíu ár. Þess vegna var ég að þvælast svona í kring og komst fljótt á bragðið,“ segir hún og hlær.

Önnur á sem er í sérstöku upphaldi hjá Margréti er Laxá í Aðaldal. „Ég var bara ekki söm eftir að ég fór í Laxá í Aðaldal því það var svo dásamleg upplifun á náttúru. Þarna er mjög fallett og mikil veðursæld, sandar og sjávarföll við ósinn og endur og hólmur upp með ánni. Áin er svo ótrúlega fjöl-

breytt og skemmtileg að það er engu líkt og ég varð alveg upp-tendruð.“

Margrét stundar samt ekki bara stangveiði því hún er líka með byssuleyfi og á eigin hagla-byssu. „Ég fer stundum á skytt-erí líka. Svo hef ég verið að veiða þorsk á handfæri á trillu úti á sjó, sem er ótrúlega skemmtilegt, og þá fer ég líka á svartfuglaskytt-erí. Ég get eiginlega ekki gert upp á milli, því þetta er allt hvað öðru skemmtilegra,“ segir hún.

Margrét vill þó meina að veiðin sjálf sé ekki aðalatriðið við veið-arnar. „Veiðin er bara bónus við útvistina og náttúruna. Svo er maður í félagsskap með þeim sem maður metur mest og þykir vænst um. Við hjónin erum til dæmis alltaf saman í þessu og stundum með systkinum mínum, pabba og mömmu eða þá okkar bestu vinum. Félagsskapurinn sem maður velur sér er nefnilega eitt af því sem gerir þessar stundir svona æðis-legalar.“

emilia@frettabladid.is

Margrét með 23 punda lax sem hún veiddi í Hrútafjarðará.



Fyrsti lax sumarsins

Klukkan 07.09 í gærmorgun setti Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, í fyrsta lax sumarsins úr Norðurá. Bjarni hóf veiðar á Brotinu neðan Laxfoss, eins og venja er til, og stuttu síðar var hann á. Eftir harðan bardaga landaði formaðurinn svo glæsilegri 74 cm hrygnu sem síðan var sleppt eftir myndatöku. Áætlað er að hrygnan hafi verið um níu pund. Neðar í ánni var líf að finna því skömmu síðar landaði Þorsteinn Ólafsson 84 cm laxi á Stokkhylsbroti. Hefur laxinn verið um tólf pund og var að sjálfsögðu sleppt aftur líkt og veiðireglur segja til um. Tíu mínútur yfir níu setti Loftur Atli Eiríksson í 76 cm lax á Efstu-Bryggju. Var þar um hæng að ræða sem áætlaður er um níu pund. Frétt af svfr.is



Bjarni Júlíusson landaði fyrsta laxi sumarsins.

FJALLAKOFINN

Í FJALLAKOFANN er komin ný lína af svefnpokum frá AJUNGILAK.



Meðal nýjunga er: **IGLOO AIR COMFORT** sem er með innbyggðum kotta sem þú blæst upp.



Fleiri nýjir og skemmtilegir hlutir eru t.d. vatnsheldir pokar, pressupokar, svefnsokkar og stakir uppblásanlegir koddar.

Since 1855
ajungilak[®]
of Norway

by **MAMMUT**



Buff® and the "How to Wear BUFF® headwear" icon symbols are registered trademarks of Original Buff, S.A.



THE ORIGINAL
MULTIFUNCTIONAL
HEADWEAR

Fjallakofinn - Reykjavíkurvegi 64 - Hafnarfirði - S: 510-5905

Bleikjan á undanhaldi

Pálmi Gunnarsson er þjóðþekktur tónlistar- og veiðimaður. Veiðimennskan ræður ríkjum á sumrin en Pálmi hefur sterkar skoðanir á stöðu laxveiðianna. „Ég er nú ekki mikill spámaður en ég er nú bjartsýnn á að þetta geti orðið ágætis sumar. Hins vegar held ég að bleikjuveiðin eigi áfram eftir að fara niður á við eins og hún hefur verið að gera,“ segir Pálmi en getgátur eru upp um að hlýnun jarðar hafi þessi áhrif. „Bleikjan fer niður en urriðinn og sjóbirtingur sækja örlítið á,“ upplýsir Pálmi.

Pálmi segir laxinn hins vegar ófyrirsjáanlegan þó hann sé ekki bjartsýnn á stöðu margra laxveiðia. „Ég býst ekki við að laxinn í Borgarfjarðarænum fari neitt að stækka og almennt held ég að

tveggja ára laxinn sé á hröðu undanhaldi og við virðumst ekki geta stöðvað þá þróun,“ segir Pálmi en hann hefur ekki farið í grafgötur með þá skoðun sína að of mikið sé veitt í laxveiðiám án þess að koma með neitt skynsamlegt mótvægi. „Það eina sem hefur verið gert er að sleppa einhverjum seiðaræflum í árnar sem skilar engu og ef eitthvað er er það neikvætt. Þetta er ekki eðlileg leið til að halda stofninum í lagi,“ segir Pálmi sem telur að eina áin sem sé hundrad prósent í lagi sé Haffjarðará á Snæfellsnesi en í hana hafi aldrei verið sleppt seiðum.

Pálmi er staddur í Vatnsdalnum þegar Fréttablaðið slær á þráðinn. „Það er óveiðandi hjá okkur vegna þess að áin er foráttu vexti



Harpa Hlín Þórðardóttir, framkvæmdastjóri söluviðs Stangveiðifélagsins Lax-á, tekur á móti fjölda veiðimanna ár hvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Pálmi Gunnarsson er mikill veiðimaður.

Ísland vinsælt veiðiland

Stangveiðifélagið Lax-á tekur á móti íslenskum veiðimönnum og erlendum gestum sem koma ár eftir ár.

„Félagið hefur verið starfrækt í tuttugu ár. Við erum með ár á Suður-, Vestur- og Norðurlandi og sjáum líka um skipulagningu ferða ásamt rekstri á veiðihúsum,“ segir Harpa Hlín Þórðardóttir, framkvæmdastjóri söluviðs Stangveiðifélagsins Lax-á ehf.

Stærstu árnar sem félagið býður upp á eru: Víðidalssá, Miðfjarðará, Laxá á Ásum, Blanda, Svartá á Norð-Vesturlandi. Ytri og Eystri Rangá, Tungufljót á Suðurlandi, Laugardalsá og Hvannadalsá á Vestfjörðum. Einnig býður félagið upp á veiði í Rússlandi,

Skotlandi, Kúbu og í Argentínu.

Að sögn Hörpu var ákveðið að færa út kvíarnar og bjóða ár erlendis vegna eftirspurna viðskiptavina.

„Flestir sem veiða í erlendu ánum eru sjálfir erlendir. Síðan erum við líka að taka á móti Íslendingum í erlendu árnar. Mest einstaklingum,“ segir Harpa.

Fengurinn er þó enginn í erlendu ánum því hann má ekki flytja heim. Sums staðar má ekki einu sinni drepa fiskinn. „Bæði í Rússlandi og Skotlandi verður að sleppa fiskinum aftur og því er aðeins um sportveiði að ræða,“ segir Harpa.

Veiðin erlendis er ekki endilega dýrari en heima að sögn Hörpu, sem segir félagið bjóða upp á veiði í misjöfnum verðflokkum.

Laxveiðitímabilið á Íslandi

stendur yfir frá júní og fram í september en silungaveiðin frá apríl fram í október. Að sögn Hörpu nýta um 2.500 útlendingar sér þjónustu félagsins ár hvert, en um 2.000 Íslendingar.

Mikið af erlenda veiðifólkinu er frægir einstaklingar sem koma ár eftir ár. Þar má nefna gítarleikarinn Eric Clapton, óperusöngkonuna Kiri Te Kanawa, Karl Gústaf Sviakonung, leikstjórnann Richard E. Kelly og annað frægt fólk úr viðskiptaheiminum.

Félagið skipuleggur alla ferðina á Íslandi, pantar hótél og dagsferðir og er með bílstjóra sem sjá um akstur til og frá flugvelli og til og frá veiðistað. Veiðifólkið bókar hins vegar flugið sjálft. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins, www.lax-a.is

rh@frettabladid.is

Veiðisport

Eyravegi 15 - Selfossi - sími 482 1506



Allar vörur fyrir stanga- og skotveiði

RATAÐU Í VEIÐINA

www.rs.is

Garmin GPS

Með Garmin GPS tæki er hægt að leita að vötnum, skálum og örnefnum ásamt því að láta tækið leiðbeina þér á áfangastað, vertu ekki í vafa hvert á að fara, njóttu þess að veiða með Garmin.

Terhi bátarnir eru mest seldu bátar á Íslandi og fást í mörgum stærðum og gerðum. Ósókvandi bátar í veiðina, við bústaðinn eða í stytttri sjóferðir.

Quicksilver eru mest seldu slöngubátarnir undanfarnin ár. Léttir og meðfærilegir bátar sem hægt er að pakka saman á auðveidan máta, upplagt í ferðalögin og veiðina.

Hjá R. Sigmundssyni fást ekki aðeins GPS tæki og vatna-bátar, heldur er þar að finna dýptarmæla, þurralla, flotgalla, björgunarvesti, sportbáta, sjóbáta, utanborðsmótora, talstöðvar, leitarljós o.m.fl.



R. SIGMUNDSSON

FISKISLÓÐ 16 | ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

Umboðsmenn | Akureyri: Haftækni - Blönduós: Krákur - Egilsstaðir: Bilanaust - Grundarfjörður: Mareind - Ísafjörður: Bensinstöðin - Reyðarfjörður: Veiðiflugan - Selfoss: Hársnyrtistofa Leifs - Vestmannaeyjar: Geisli - Reykjavík: Arctic Trucks, Bilanaust, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útflí, Vesturröst - Fríhöfn



Guðmundur kennir hér sér yngri manni á fluguveiðistöngina.

Veiðiverslun og flugveiðiskóli

Veiðihöllin við Suðurlandsbraut 4 er veiðivörverslun sem var opnuð 30. mars síðastliðinn. Þar ræður ríkjum Guðmundur Guðmundsson, sem stundað hefur fluguveiði í mörg ár og hefur óbilandi áhuga á sportinu. Í Veiðihöllinni má fá úrval veiðivara en stefnan er sett á góða vöru á sanngjörnu verði. Meðal annars er Guðmundur með ECHO-flugustangir og ýmsar vörur frá Hodgmann-merkinu. Enn sem komið er er lögð áhersla á vörur fyrir fluguveiðimennina

en síðar í sumar verða teknar inn vörur fyrir skotveiðimanninn.

Veiðihöllin er nátengd Flugveiðiskólanum, sem rekinn hefur verið frá síðastliðnu sumri. Guðmundur er einn kennaranna en skólustjóri er enginn annar en Pálmi Gunnarsson, sem flestir Íslendingar þekkja bæði fyrir góðan söng og veiðidellu.

Þeir sem vilja kynna sér starfsemi skólans og verslunarinnar nánar er bent á vefsíðuna www.veidihollin.is

Kynjahlutfallið jafnað

Veiðifélagið Vöðlurnar er nýstofnað veiðifélag fyrir konur. „Við erum nokkrar sem eigum menn sem eru í veiðifélögum þar sem karlar eru meðlimir og fannst okkur vanta ákveðið mótvægi,“ segir Brynhildur Barðadóttir, annar stofnandi félagsins. „Tilgangurinn er þó fyrst og fremst að hafa gaman. Við höfum til dæmis nefnt okkur allar eftir þekktum veiðiflugum. Ég er til dæmis Diskódrötnungin, og önnur nöfn eru Rektorinn, Þingeyingurinn, Black Sheep, Franzis og Mýslan o.s.frv.“

Jómfrúarferð Vöðlanna var farin í síðustu viku og eyddu konurnar fjórum dögum

við veiði í Reykjardalsá. „Það komu nú fiskar á land,“ segir Brynhildur. Hún segir mikinn áhuga vera hjá félagsmönnum fyrir fluguveiði en flestar þeirra séu lítt reyndar á því sviði. „Við höfum verið undanfarin kvöld á Klambratúni að æfa okkur að kasta. Okkur er alvara með þessum félagsskap og teljum okkur eiga fullt erindi í þessa veiðiveröld.“

Vöðlurnar fóru í jómfrúarferð sína í síðustu viku og veiddu í Reykjardalsá.



Kortsjain sýnir allar veiðiár landsins.

Veiðiár á kortsjá

Veiðikortavefur Stangveiðifélags Reykjavíkur er með gott yfirlit yfir veiðiár á Íslandi.

Stangveiðifélag Reykjavíkur er með kortsjá sem sýnir allar veiðiár landsins. Á heimasíðu félagsins er að finna yfirlitskort þar sem hægt er að velja vissa á eða landsvæði.

Kortsjain birtir þá mynd af ánni á landakortinu sem hægt er að minnka og stækka. Yfirlitið er að finna á heimasíðu Stangveiðifélags Reykjavíkur.

Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.svfr.is

Opnað fyrir veiði í Þórisvatni

Góð veiði var í Þórisvatni og Fellsendavatni um helgina, þegar opnað var fyrir veiði, en frá þessu er greint á vefsíðunni www.veidimenn.is.

Þar segir að endalaus taka hafi verið í vötnum og „virtist alveg sama hvað honum var boðið,“ eins og það er orðað. Flestir fiskarnir voru á bilinu tveggja til þriggja punda og urriðinn vel haldinn.

Veiðimönnum sem eru á leið til Þórisvatns er loks ráðlagt að vera á góðum jeppa.

● VALMÖGULEIKUM VEIÐIKORTSINS FJÖLGAR

Veiðikortinu hefur verið vel tekið enda þarft framtak. Framboð veiðistaða hefur verið aukið jafnt og þétt og árið í ár er engin undantekning. Meðal svæða sem bæst hafa í hópinn eru Kleifarvatn, vatnasvæði Selár og Haugatjarnir.

Veiðikortið kostar 5.000 krónur og gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en fjórtán ára í fylgd með korthafa. Hægt er að kaupa Veiðikortið 2007 á www.veidikortid.is, á næstu ESSO-stöð eða í betri veiðivörverslunum um land allt.

Veiðikortinu fylgir handbók þar sem vötnin eru kynnt til að auðvelda aðgengið að þeim, sem og kynna fyrir korthöfum þær reglur sem gilda um hvert vatnasvæði. Einnig eru í handbókinni kort og myndir frá vatnasvæðunum sem í boði eru.

ISLENSKA SIALS ICE 37618 05.2007

Vangen öndunarvöðlur
Tilboð **15.990 kr.**
Verð áður 18.990 kr.

Vangen mittisvöðlur
Frábærar dömuvöðlur
Tilboð **11.990 kr.**
Verð áður 14.990 kr.

Vöðlujakki
Tilboð **14.990 kr.**
Verð áður 19.990 kr.



Flugustangasett Redington

Tilboð **21.990 kr.**
Verð áður 24.990 kr
Líftíðarábyrgð

Önnur sett frá 14.990 kr.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS OG DÚNDURFRÉTTIR

THE WALL

STÓRTÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL

FÖSTUDAGINN 29. JÚNÍ KL. 19.30

Eitt mesta stórvirki rokksögunnar í flutningi SINFÓNÍUHLJÓMSVEITARINNAR og DÚNDURFRÉTTA, sem áður hafa slegið rækilega í gegn með vonduðum flutningi á mörgum rokkperlum.

Roger Waters (Pink Floyd) ::: The Wall
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Útsetningar ::: Haraldur Vignir Sveinbjörnsson

MIÐASALA Á WWW.SINFONIA.IS

MIÐAVERÐ ::: 5.000 / 4.500 KR.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Úrvalsvisitalan sexfaldast á öldinni

Markaðsvirði hlutfjár þreföld landsframleiðsla.

Þeir sem hafa átt og fjárfest í hlutabréfum á undanföllum árum getað ekki kvartað yfir árangrinum. Frá ársbyrjun 2001 hefur Úrvalsvisitalan hækkað um 519 prósent. Á rúmum tveimur árum hefur visitalan skilað um eitt hundrað prósent ávöxtun og yfir fimmföldu prósentu ávöxtun frá því í byrjun

ágúst á síðasta ári þegar visitalan fór í lágsta punkt eftir umrótum á innlendum fjármála-markaði.

Fjármálafyrirtæki og rekstrarfélög hafa drifið hækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði áfram á þessum tíma og aukið markaðsvirði sitt margfalt umfram gengishækkanir.




BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG SIGURJÓN P. ÁRNASON Hlutabréf í Landsbankanum hafa riflega tífaldast á öldinni.

Sum félög hafa hækkað langt umfram Úrvalsvisitöluna á þessu tímabili. Hlutabréf í Bakkavör hafa, án arðgreiðslna, hækkað um 1.178 prósent og bréf í Landsbankanum um 958 prósent.

Markaðsvirði alls hlutfjár í Kauphöll Íslands nam 397 milljörðum króna í árs-

lok 2000 en stóð í 3.482 milljörðum í lok maí, sem er þreföld áætluð verg landsframleiðsla á síðasta ári. Nú er svo komið að þrjú stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni; Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir, eru öll metinn á yfir fjögur hundruð milljarða og Exista, sem er fjórða verðmætasta

fyrirtækið, nálgast óðfluga 400 milljarða múrinn. Ljóst er að vægi fjármálafyrirtækja á hlutabréfamarkaði mun aukast enn frekar á næstu mánuðum. Verðþróun einstakra fyrirtækja úr þeim geira mun ráða miklu um þróun Úrvalsvisitölnnar á komandi misserum.



MARKAÐSVERDMÆTI KAUPHALLARFÉLAGA Í MILLJÖRÐUM

Kaupþing	806
Glitnir	420
Landsbanki	410
Exista	381
Actavis	283
FL Group	231
Straumur-Burðarás	220
Bakkavör Group	151
Hf. Eimskipafélagið	76,2
Mosaic Fashions	48,7
TM	42,5
Össur	42,3
Marel	31,5
Alfesca	29,4
Icelandair Group	27,9
Atorka Group	27,1
Icelandic Group	19,4
Teymi	18,4
Vinnslustöðin	13,3
365 hf.	12,9
Nýherji	4,3
Flaga	1,4
Atlantic Petroleum	1,4
Sláturfélag Suðurlands svf.	0,37
Alls	3.299

Heimild: Markaðsvaktin



37 prósentu hækkan á árinu. „Í grófum dráttum get ég sagt að frá því við gáfum út okkar spá um Úrvalsvisitöluna fyrir tveimur mánuðum sér maður fljótt á lítið ekkert í spilunum sem rökstyður stöðun eða lækkanir héðan í frá, horft til áramóta,“ segir Jónas Gauti Friðbjólfsson, hlutabréfasérfræðingur hjá Glitni. Hann á frekar von á hækkanum þegar meðal annars er horft til verðmats Greiningar Glitnis á fyrirtækjum eins og Kaupþingi. Framhaldið veltur mikið á fregnum af hræringum á fjármálamarkaði innanlands og næstu skrefum í útrás fjármálafyrirtækja, til dæmis í Skandinavíu og Evrópu, og hvernig þau kaup verði fjármögnuð. „Maður fær það á tilfinninguna að allar yfirtöku- og útrásarfréttir styðji frekar við hækkan hlutabréfaverðs heldur en hitt.“

Jónas sér ekki einvörðungu margt í pípunum hjá stóru félögunum. Þensla er enn mikil í hagkerfinu, sem kann að styðja við markaðinn. Álversframkvæmdir gætu orðið þó nokkrar á næstu árum og þá geta skattalækkanir á einstaklinga og fyrirtæki haft jákvæð áhrif á þróun hlutabréfaverðs

á komandi misserum. Á móti geta hlutafjárútbod vegna nýskráninga og þar sem fyrirtæki sækja sér aukið eigið fé vegið á móti hækkanum, einkum þegar innlendir fjárfestar eiga í hlut að máli.

Hátt vaxtastig hefur hingað til ekki bitið tilfínanlega í fjárfesta, og afkoma félaga hefur sjaldan verið undir væntingum markaðsaðila. „Ef jákvæðar og styðjandi fréttir seytla inn er þessi markaður áfram á leiðinni upp. Það er fyrirséð.“

SKRÁNINGAR Í FARVATNINU

Sex félög stefna að skráningu í Kauphöllina á þessu ári, þar af þrjú færeysk fyrirtæki. Þetta eru færeysku bankarnir Eik Bank Group og Föroya Banki, sem koma á markað í júní. Í haust verða Síminn, sem er í eigu Existu, Kaupþings og lífeyrissjóða, og Promens, sem er að stærstum hluta í eigu Atorku Group, skráð færeyska flugfélagið Atlantic Airways og svo Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, sem verður skráð á First North í næstu viku. Þá hafa nokkur fyrirtæki lýst yfir áformum um skráningu á næsta ári en að sögn Þórðar Friðjónssonar, forstjóra

Kauphallar Íslands, er ekki tímabært að greina frá þeim.

Hann fagnar aðkomu færeysku bankanna í íslensku fjármálakauphöllina þar sem fjármálafyrirtæki eru langstærst. „Ég held líka að þetta sé hagstætt fyrir þá að koma inn í kauphöllina hér heima hjá okkur því að við fórum í gegnum þetta ferli fyrir ekki svo mörgum árum. Þessi

HLUTABRÉF STINGA VLF AF (Í MILLJÖRÐUM KR.)

Ár	Markaðsvirði hlutfjár	Verg landsframleiðsla
2000	397	682
2001	428	770
2002	529	812
2003	659	840
2004	1.084	926
2005	1.816	1.022
2006	2.599	1.142
2007 *	3.364	

* Mailok

Heimild: Kauphöll Íslands og Hagstofan

reynsla ætti að nýtast þeim og auðvelda Íslendingum að átta sig á þessum fyrirtækjum.“

Á móti eru Actavis, Mosaic Fashions og Vinnslustöðin öll í einhvers konar yfirtökuferli sem gæti leitt til afskráningar.

AUKIN ÞÁTTTAKA ÚTLENDINGA

Þórður telur að aukin þátttaka erlendra kauphallaraðila, það er stórra alþjóðlegra banka, verði stóra breytingin á innlendum hlutabréfamarkaði á næstu mánuðum. Þórður verður var við aukinn áhuga erlendra fjárfesta að fjárfesta hér heima og býst við að stórir bankar verði orðnir tiltölulega virkir innan skamms tíma þannig að sjónarmið fleiri en íslenskra kauphallaraðila heyrast á markaðnum. Þetta mun fara í för með sér að verðmyndun dýpki og velta aukist enn frekar.

„Það verður stóra breytingin fyrir markaðinn og auðvitað þessi ánægjulegi fylgifiskur sameiningar við OMX.“ Þarna hjálpar til að uppgjörstíminn hefur breyst frá einum viðskiptadegi eftir viðskipti (T+1) í þrjú viðskiptadaga (T+3) og þá hefur afleiðumarkaði verið komið á fót.

Hugsanleg yfirtaka Nasdaq á OMX ætti að geta fjölgað tækifærum enn frekar að mati Þórðar. Línur í því máli fara að skýrast þegar nær dregur hausti en stjórn OMX mælti í gær með yfirtökutilboði Nasdaq.

VÆGI FJÁRMÁLAGEIRANS EYKST

Afskráning Actavis úr Kauphöll yrði töluverð blóðtaka fyrir Kauphöllina, enda er félagið fimmta verðmætasta fyrirtækið á markaði og það eina meðal rekstrarfélaganna sem er sambærilegt stóru fjármálafyrirtækjunum að stærð. Fjármálageirinn vegur afar þungt í Úrvalsvisitölnni. Eins og staðan er í dag er vægi bankanna Kaupþings, Landsbankans, Glitnis og Straums-Burðaráss og fjárfestingarfélaganna FL Group og Atorku Group um 80 prósent í Úrvalsvisitölnni flotleiðrétt. Ef Actavis, stærsta rekstrarfélagið, hverfur úr visitölnni og fjármálaþjónustufyrirtækið Exista kemur í staðinn eykst vægi fjármálafyrirtækja enn frekar og þykir mörgum kannski nóg um.

Jónas segir það ekki vera ljóst hversu stórum hlut Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, tekst að ná í Actavis. Lífeyrissjóðir hafi lýst yfir því að tilboðið sé fulllagað, sem getur haft áhrif á framvindu mála. Ef Actavis verður tekið yfir munu peningar flæða inn á markaðinn til stuðnings. Kannski sjást merki þess að fjárfestar séu nú þegar farnir að endurfjárfesta með einum eða öðrum hætti.

MARKAÐURINN

Sögunnar... tölurnar... fólkid...

Röksemdafærsla Samtaka atvinnulífsins um stöðu hagkerfisins er skýr:

Allt sett fram nema niðurstaðan

Hafliði Helgason

Samtök atvinnulífsins gengu á fund nýrrar ríkisstjórnar og færðu þar fram sín sjónarmið um stöðu efnahagsmála.

Fyrir kurteisissakir beindust skammirnar fremur að Seðlabankanum en efnahagsstjórn síðustu ríkisstjórnar, enda þótt samtökin leggi vissulega fram gagnrýni og áhyggjur af stöðu mála sem eru á valdsviði ríkisstjórnar.

Gagnrýnin á Seðlabankann er athyglisverð, þótt hún komi ekki á óvart. Full ástæða er til að láta bankann njóta samúðar, enda verkefni hans lögbundin og ekki verður séð að bankinn hafi svikist í miklum mæli undan þeim skyldum sem á hann eru lagðar. Þvert á móti bendir flest til þess að verkefnið hafi verið rækt af þekkingu og góðum vilja.

Gagnrýni Samtaka atvinnulífsins beinist að sjálfhæð Seðlabankans, sem hækkar vexti og styrkir með því gengi krónunnar. Vextirnir eru þungar klyfjar þeim rekstri sem fjármagnar sig innanlands og styrking krónu er erfið útflutningsgreinum. Styrking krónunnar með útistandandi jökla-bréfum veldur bankanum vandræðum. Hættan er sú að of hröð lækkun vaxta, sem efnahagsleg rök gætu verið fyrir, myndi valda hraðri veikingu krónu sem aftur leiddi til verðbólgu langt yfir markmiðum bankans.

Samtök atvinnulífsins benda einnig á hversu lítil markaðshlutdeild óverðtryggðar krónu sé í hagkerfinu með takmarkandi áhrifum á miðlun peningastefnunnar. Atvinnulífið byr við mikinn óstöðugleika vegna sveiflna í gengi sem gera áætlanir erfiðar og valda ýmiss konar óhagræði í rekstri. Samtökin benda því á að beita þurfi öðrum hagstjórnartækjum en vaxta-tækinu til að vinna gegn þenslu í hagkerfinu. Þar eru á ferðinni skýr skila-boð til ríkisstjórnarinnar.

En er þá hinn hluti gagnrýnnar gagnrýni á Seðlabankann? Það er erfið að sjá miðað við röksemdafærsluna. Röksemdafærsla Samtaka atvinnulífsins er fullgild og lýsir vandræðaástandi. Röksemdafærslan er hins vegar fyrst og fremst gagnrýni og róttækar efasemdir um núverandi fyrirkomulag gengismála. Það er að vera með litla fljóttandi mynt í opnu hagkerfi. Samtökin eru í raun að setja fram afar sannfærandi rök fyrir upptöku evrunnar, án þess að nefna hana nokkurs staðar á nafn. Það er snyrtilega gert, þar sem röksemdafærslan er skýr, en niðurstöðunni haldið utan við dæmið. Spurningin er bara hvort ekki fari að koma tími til að menn kalli hlutina réttum nöfnum.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

Er vefsíðan þín við góða heilsu?



Við bjóðum fyrirtækjum **fría** vefgreiningu

Pantaðu skoðun strax í dag!

econ
Internetráðgjaf

Sími 578-1730 | www.econ.is | econ@econ.is

Íslenskur hlutabréfa- markaður á krossgötum

ORÐ Í BELG

Sigurvín B. Sigurjónsson
Verðbréfamíðlari
hjá Íslenskum
verðbréfum hf.



Ásgeir M. Ásgeirsson
Verðbréfamíðlari
hjá Íslenskum
verðbréfum hf.

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur stækkað hratt undanfarin ár og samhliða hefur veltumagnið aukist og markaðurinn þróaast. Þegar staða íslenska markaðarins er skoðuð er þó réttast að líta á hann í samhengi við aðra hlutabréfamarkaði. Hér á eftir verður íslenski markaðurinn borinn saman við sænska, finnska og danska hlutabréfamarkaðinn, sem allir eru innan OMX-kauphallarsamstæðunnar. Sú staðreynd að þessir markaðir eru nálægt okkur bæði landfræðilega og í stærð gerir þá að hentugu viðmiði. Markaðirnir verða bornir saman í ljósi þeirra þátta sem þykja hvað mikilvægastir þegar hlutabréfamarkaðir eru bornir saman.

Grunninn að skipulegum verðbréfamarkaði lagði Seðlabanki Íslands árið 1984 en í lögum um bankann voru heimildir til slíkrar starfsemi. Í byrjun voru einungis viðskipti með spariskírteini ríkissjóðs og síðar með húsbúð. Það var ekki fyrr en árið 1990 sem fyrstu hlutabréfin voru skráð á Verðbréfaþing Íslands, sem stofnað var árið 1988. Fram að aldamótum fjölgaði skráðum hlutafélögum ört og árin 1999 og 2000 voru félögin orðin 75. Síðan hefur skráðum félögum fækkað talsvert og eru þau nú 25. Sjávarútvegsfyrirtæki voru áberandi og í febrúar 2003 voru 17 sjávarútvegsfyrirtæki skráð í kauphöllinni. Þau hafa hinsvegar verið afskráð eitt af öðru og nú er svo komið að einungis eitt sjávarútvegsfyrirtæki er skráð á aðal-lista Kauphallar Íslands og er útlit fyrir að það verði afskráð innan skamms. Á sama tíma hefur vægi útrásarfyrirtækjanna aukist verulega og fara fjármálafyrirtækin þar fremst í flokki.

Óhætt er að segja að íslenski hlutabréfamarkaðurinn hafi slitid barnsskónum og hefur hann gengið í gegnum miklar breytingar og þroskaskið á undanföllum árum. Í frumbersku var markaðurinn lítil og veikburða en hefur vaxið ásmegin. Árið 1992 var heildarmarkaðsvirði skráðra hlutabréfa aðeins 14,6 milljarðar króna, en í lok apríl 2007 var það komið í 3.302 milljarða. Það er um 293% af vergri landsframleiðslu, sem gerir íslenska hlutabréfamarkaðinn að þeim stærsta á Norðurlöndunum í hlutfalli við landsframleiðslu. Það sama kemur í ljós þegar tekið er tillit til höfðatölu. Þá kemur í ljós að heildarmarkaðsvirði íslenska markaðarins er langmest, eða um 11 milljónir króna á hvern íbúa, Svíþjóð nær 4,9 m.kr. á íbúa, Finnland 3,9 m.kr. og Danmörk rekur lestina með aðeins 3,2 m.kr. Þessar tölur sýna okkur glögglega hve miklum virðisauka íslensku útrásarfyrirtækin hafa skilað hluthöfum með framtaki sínu undanfarin ár.

MIKIÐ FLÖKT Á VELTUHRAÐA

Velta og dýpt eru mikilvægir mælikvarðar á þroska hlutabréfamarkaða. Mikilvægt er fyrir fjárfesta að virkur markaður sé með þau bréf sem fjárfest er í, enda er skilvirk verðmyndun mikilvægur þáttur þegar fjárfestar meta fjárfestingakosti. Besti mælikvarðinn á veltu markaða er veltuhraði, þar sem heildarvelta er skoðuð sem hlutfall af heildarmarkaðsvirði. Ef veltuhraðinn er t.d. 100% þýðir það að hvert hlutabréf skipti að meðaltali einu sinni um hendur á ári. Ætla má fyrirfram að veltu-

hraði sé svipaður á íslenska hlutabréfamarkaðinum og öðrum norrænum mörkuðum. Veltuhraði íslenska markaðarins hefur aukist hratt undanfarin ár og var 101% á árinu 2006. Veltuhraðinn hefur einnig aukist á hinum Norðurlöndunum. Sænski og finnski markaðurinn voru með 147% og 132% veltuhraða árið 2006, athygli vekur að danski markaðurinn rekur lestina með aðeins 88% veltuhraða. Aukin velta á Norðurlöndunum samrýmist mjög vel kenningum þess efnis að velta hafi tilhneigingu til að aukast í hækkanði mörkuðum, en ávöxtun norrænna hlutabréfavísitalna hefur verið mjög góð undanfarin ár. Sveiflur á veltuhraða frá apríl 2006 til apríl 2007 eru hins vegar mestar hér á Íslandi og munar þar töluverðu. Virðist þetta m.a. orsakast af mikilli árstíðasveiflu, en veltuhraðinn hefur t.a.m. fallið niður í 43% að meðaltali í júlí ár hvert frá árinu 2003, lægsta gildi Norðurlandanna, og náð 143% að meðaltali í september, sem er hæsta gildi Norðurlandanna í þeim mánuði. Þetta gefur til kynna að íslenskir fjárfestar dragi sig frekar í hlé frá hlutabréfavíðskiptum yfir sumartímamann en auki síðan víðskiptin aftur með haustinu. Þess ber þó að geta að stór víðskipti í einstökum félögum geta haft umtalsverð áhrif á veltuhraða hérlendis og meiri en erlendis, enda er markaðurinn hér mun smærri, eins og áður var getið.

Staðalfr.v. veltuhraða

Ísland	40 %
Helsinki	27 %
Stokkhólmur	24 %
Kaupmannahöfn	19 %

Atriði sem horfa má til þegar skilvirk verðmyndun er metin er fjöldi víðskipta. Hér kemur athyglisverð staðreynd upp á yfirborðið. Þegar veltan á íslenska hlutabréfamarkaðinum er skoðuð sem hlutfall af fjölda víðskipta kemur í ljós að meðalstærð einstakra víðskipta er margföld á við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum og var allt að sexföld árið 2006. Þá var meðalstærð víðskipta á íslenska markaðinum 17,1 m.kr., á meðan Svíþjóð var með 3,3 m.kr. Finnland 3,4 m.kr. og Danmörk 2,5 m.kr. Þetta orsakast líklega af því hve fagfjárfestar eru stór hluti af íslenska markaðinum. Þar af leiðandi verða tilboðin í kauphöllinni stærri og vægi utanþingsvíðskipta verður hlutfallslega meira en á hinum Norðurlöndunum.

UTANÞINGSVÍÐSKIPTI 2007

	Hlutfall af veltu
Ísland	74%
Kaupmannahöfn	33%
Helsinki	26%
Stokkhólmur	20%

FLÖKT Í MEDALLAGI Á ÍSLANDI

Annað atriði sem mikilvægt er að horfa til þegar skilvirkni markaða er skoðuð er hversu sveiflukenndir þeir eru. Algengast er að meta sveiflur markaða sem staðalfrávik ávöxtunar á ársgrundvelli. Almennt séð má segja að ef sveiflur eru miklar á mörkuðum getur það bent til þess að dýpt viðkomandi markaðar sé lítil og því valdi stórir fjárfestar meiri verðbreytingu á gengi bréfa í stórum víðskiptum en ef víðskiptin ættu sér stað á markaði þar sem dýpt væri meiri. Íslenski markaðurinn hefur haft það orð á sér að vera mjög sveiflukenndur vegna smæðar sinnar, en miðað við dagslokagildi hlutabréfamarkaða Norðurlandanna frá 12. febrúar 2004 til 30. apríl 2007 eru sveiflur mestar á finnska markaðinum og næstmestar á þeim íslenska, eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

Staðalfrávik

Helsinki	16,3
Ísland	15,2
Stokkhólmur	15,0
Kaupmannahöfn	12,0

Þó svo að flökt sé ekki mjög mikið hér á landi á þessu rúmlega þriggja ára tímabili er það mjög breytilegt. Þegar skoðuð er þróun staðalfráviks sem byggir á dagslokagildi heildarvísitölunnar (nú OMXIGI) eitt ár aftur í tímann frá 12. febrúar 2005 og fram til 30. apríl 2007 og borið er saman við sambærilegar vísitölur norrænna markaða kemur í ljós að norrænu markaðirnir hafa oft haft sæta-skipti. Íslenski markaðurinn var til að mynda með mesta staðalfrávikinu mest allt síðasta ár, en er nú nýlega orðinn sveifluminnstur miðað við þennan mælikvarða. Þessa þróun má hugsanlega rekja til þess skjálfta sem var á íslenskum mörkuðum í kjölfar skýrsluskrafa erlendra greiningaraðila um óstöðugleika í íslenska bankakerfinu, sem stóð frá febrúar og fram á vormánuði 2006. Þetta segir okkur að við getum ekki fullyrst að íslenski hlutabréfamarkaðurinn sé sveiflumeyri en norrænir hlutabréfamarkaðir, sé horft til síðustu þriggja ára.

Ljóst er að íslenski hlutabréfamarkaðurinn á margt sammerkt með öðrum Norðurlandamörkuðum innan OMX. Veltuhraðinn hefur verið svipaður undanfarin ár auk þess sem sveiflur í dagslokagildi vísitölu aðalasta virðast einnig vera svipaðar. Þó hefur íslenski markaðurinn greinilega sín sérkenni á meðal norrænna hlutabréfamarkaða. Fyrir utan það að vera stærsti markaðurinn að teknu tilliti til heildarmarkaðsvirðis sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og mannfjölda er fjárhæð hvers viðskipta mun hærri á íslenska markaðinum auk þess sem veltuhraðinn er sveiflukenndari en hjá nágrannaríkjunum. Orsakir þessa eru líklega fáir og stórir markaðsaðilar, sem veldur því að víðskipti verða færri, stærri og gerast í meira mæli utanþings en gengur og gerist á öðrum mörkuðum.

HVER ERU NÆSTU SKREF MARKAÐARINS?

Í framhaldi af þessu er eðlilegt að menn spyrji sig hvort tækifæri geti falist í sérstöðu íslenska hlutabréfamarkaðar-

SAMSKIPTATÆKNI

e-mail samningaviðræður ;-)

Samskipti taka lit af þeim miðli sem þau eiga sér stað í gegnum. Þannig geta samningaviðræður milli sömu tveggja einstaklinganna þróast með mismunandi hætti eftir því hvort þeir talast við andliti til andlitis, ræðast við í síma, skiptast á tölvupósti eða nota MSN. Sífellt fleiri samningaviðræður eiga sér stað með tölvupósti – ekki aðeins við fólk í fjarlægum löndum heldur einnig milli fólks sem hefur tækifæri til að hittast en kys að senda póst. Samningar með tölvupósti fela í sér hættur sem hægt er að draga úr og tækifæri sem má nýta sér.

ÁHÆTTA OG ÓSVÍFNI

Ein rannsókn sýnir að fólk er átta sinnum líklegra til að missa þolinmæði og vera dónalegt í tölvupóstamskiptum en í samtölum (Dubrosky, Keisler & Sethna, 1991). Deilur magnast frekar og koma í veg fyrir samninga m.a. vegna þess að þegar samskiptin eiga sér stað í gegnum tölvuna er líklegra að samningamennirnir geri hinum upp tilfinningar og fyrirætlanir (Sproull & Keisler, 1991). Að sama skapi eru samningamenn mun líklegri til að taka áhættu – beita hótunum, lokatilboðum og hörðum kröfum – þegar þeir senda tölvupóst en þegar þeir

tala við mótaðilann. Ein skýring á breyttri hegðun er að það skortir persónulega ábyrgð á viðskiptasambandinu, samningamenn hafa minni áhyggjur af langtímaáhrifum á samskiptin og augljóslega eru minni tækifæri til að ná tengslum og skiptast á upplýsingum þegar ekki er hægt að tjá sig með líkamshreyfingum, svipbrigðum og rödd (Morris, 2002).

FUNDUR EÐA SÍMTAL FYRST

Líkur á að samstarf í gegnum tölvupóst skili góðri niðurstöðu aukast ef samstarfsaðilar hafa

haft tækifæri til að hittast fyrir samvinnuna – ef tengsl hafa myndast á milli þeirra (Alge, Wiethoff & Klein, 2003). Ef ekki er hægt að hittast er skynsamlegt að tala saman í gegnum síma áður en tekist er á um samningsatriði í tölvupósti. Leigh L. Thompson og fleiri gerðu rannsókn þar sem einn hópur var skyldaður til að hringja í samningsaðila til kynna sig og spjalla áður en farið var í samningaviðræður með tölvupósti og annar hópur fékk ekki að hringja. Niðurstaðan varð sú að mun betri árangur náðist í samningaviðræðunum eftir símtalið. Þeir sem höfðu talað saman höfðu sterkari tilfinningu fyrir því að samskiptin myndu ganga vel og


átt hlutfallslega sterkari stöðu í tölvupósti. Þannig hafa rannsóknir m.a. sýnt að þegar samskipti færast frá fundum yfir í tölvupóst leggja þeir sem hafa lægri formlega stöðu innan hópsins meira til málanna. Einnig eru konur mun líklegri til að setja fram fyrstu tillögu í samningaviðræðum í tölvupósti en á fundi.

STUNDUM TÆKIFÆRI

Tölvupóstar skapa ákveðna fjarlægð á milli samningsaðila. Í sumum tilvikum getur fjarlægðin komið sér vel. Það á t.d. við þegar samningsaðilinn þinn hefur formlega sterkari stöðu en þú – t.d. þegar samið er við forstjóra erlendra stórfyrirtækja. Félagslegur munur sést ekki eins vel og hefur ekki eins mikil áhrif á niðurstöðu viðræðnanna. Þeir sem eiga að jafnaði undir högg að sækja á fundum geta



Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík



MEÐ HVERRI SENDINGU VERÐUR

LANDIÐ ÖRLÍTIÐ GRÆNNA



PÓSTURINN
allur pakkinn

Við hjá Póstinum látum okkur annt um umhverfið og viljum sýna það í verki.

Þess vegna munum við gróðursetja nógu mörg tré til að vinna á móti koltvísýringismengun frá 123 bílum á vegum Póstsins.

Þegar þú sérð bíl frá Póstinum, sérðu loforð um lafgað tré.

KÖLVÍÐUR

ins. Ljóst er að aðgengi smærri fjárfesta að íslenska markaðinum er ekki eins gott og að erlendum mörkuðum. Hérlandis er hægt að fá beinan aðgang að Norðurlandamörkuðunum og Bandaríkjamörkuðum beint í gegnum netið, en sömu sögu er ekki að segja um íslenska markaðinn. Þó hefur íslenskur viðskiptabanki boðið upp á þessa þjónustu í einhverjum mæli í gegnum heimabanka, en sú þjónusta er mun dýrari en bein tenging á erlenda markaði. Að bjóða upp á beinan aðgang að markaðinum, sambærilegan þeim sem boðnir eru á erlenda markaði hérlandis, myndi eflaust fjölga fjárfestum á markaðinum og dýpka hann umtalsvert. Annað skref sem taka þarf fljótlega í átt að þroskaðri markaði er að fjölga erlendum fjárfestum. Mikilvæg skref hafa verið stigin í þessa átt nýlega með yfirtöku OMX á Kauphöll Íslands og upptöku þriggja daga uppgjors (T+3), í samræmi við flestalla erlenda verðbréfamarkaði. Auk þess stuðlar fyrirsjáanleg samþætting OMX við alþjóðlega kauphöll að enn frekari þróun í rétta átt. Þó er langstærsta hindrun erlendra fjárfesta enn í veginum, en það er íslenska krónan. Það er ljóst að mjög margir fjárfestar setja fyrir sig að fjárfesta í jafn lítilli og dyntóttri mynt og íslensku krónunni. Raunar hafa verið stigin skref í rétta átt nýlega með samþykki hluthafafunda fyrir skráningu hlutafjár Straums-Burðaráss og Actavis í evrur. Spennandi verður að fylgjast með þróuninni þar og ef vel tekst til er líklegt að fleiri fylgi í kjölfarið og fjölbreytilegri hluthafahópar í íslenskum félögum fari að sjást.

Þó svo að íslenski hlutabréfmarkaðurinn hafi stigið stór skref undanfarin ár í átt til þroska í fjölþjóðlegum samamburði er ljóst að enn er verk að vinna. Mikilvægt er að aðstandendur og aðilar markaðarins haldi áfram að feta veg framþróunar svo markaðurinn geti staðist harðnandi samkeppni um fjármagn og aukid á skilvirkni, fjárfestum öllum til handa.

ANNA GUNNPÓRS-DÓTTIR Anna segir að þótt margt hafi breyst frá dögum ítalska heimspekingsins og stjórnáamannsins Niccolò Machiavelli (1469-1527) eigi margt í kenningum hans enn við.

MARKAÐURINN/VILHELM



„Áður fyrr var eittrað fyrir fólki“

„Það skiptir ekki máli hvort maður er með mikla eða litla machiavellíska eiginleika. Það að vera machiavellískur þarf ekki að vera slæmt,“ segir Anna Gunnþórsdóttir, dósent og tilraunaleikjafræðingur við Australian Graduate School of Management í Ástralíu. Hún tekur það sömuleiðis skýrt fram að það að hafa litla eiginleika sem þessa sé heldur ekki slæmt.

Anna er stödd hér á landi í boði Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands og flytur fyrirlestur í Odda klukkan 16:15 í dag um mikilvægi trausts, áreiðanleika og machiavellíska eiginleika. Fyrirlesturinn er byggður á samstarfsverkefni hennar, Kevins

McCabe og Vernons Smith, sem hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræðið fyrir fimm árum.

Í fyrirlesturinum tengir Anna saman samskipti manna og trúverðuleika við hagvöxt landa. „Þegar fólk treystir hvert öðru þarf ekki alltaf að tékka á fólki. Það er hægt að semja um hluti án þess að gera sérstaka samninga,“ segir hún og leggur áherslu á að með trausti aukist skilvirkni og hraði. Hún bætir við að Ísland sé dæmi um land þar sem traust manna á milli sé mjög mikið. Sömu sögu sé að segja af Norðurlöndunum, sem séu hæst á lista yfir traust og trúverðuleika. Skrifist það meðal annars á sameiginlegan bakgrunn íbúa

landanna. Áður en Anna hefur mál sitt munu gestir þreyta sálfræðipróf þar sem machiavellískir eiginleikar eru mældir. Að því loknu geta þátttakendur tekið saman niðurstöður sínar og séð hvar þeir standa á machiavellíska skalanum. Anna mun sömuleiðis ræða um þýðingu prófsins og hvernig taka skuli á því starfsfólki fyrirtækja sem sýni mikla eða litla machiavellíska eiginleika.

Anna segir að þótt margt hafi breyst frá því Machiavelli var uppi, á 15. og 16. öld, hafi kenning hans staðist tímans tönn. „Á dögum Machiavellis var eittrað fyrir fólki. Í dag er það bara rekið,“ segir hún og hlær. - job

Bláa lónið hlýtur umhverfisverðlaun

Bláa lónið hlaut á dögumum Bláfánann, virta umhverfisviðurkenningu sem veit er baðströndum og smábátahöfnum. Þetta er í fimmta sinn sem Bláa lónið hlýtur verðlaunin.

Í tilkynningu frá Bláa lóninu er haft eftir Rannveigu Thoroddsen, verkefnastjóra Bláfánans á Íslandi, að sérstaklega ánægjulegt hafi verið að veita Bláa lóninu viðurkenninguna í fimmta sinn. „Í dag eru

Bláfánahafnir og strendur í 36 löndum í Evrópu, Suður-Afríku, Marokkó, Nýja Sjálandi, Kanada og á karabísku eyjunum,“ sagði hún.

Þá er haft eftir Önnu G. Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra innlendirar starfsemi Bláa lónsins, að mikil uppbygging eigi sér nú stað við Bláa lónið. Bláfáninn sé félaginu mikilvæg viðurkenning og hvatning. - hhs

BLÁFÁNINN DREGINN AÐ HÚNI Anna Karen Sigurjónsdóttir og Ingi Gunnar Jóhannsson, vaktstjórar baðsvæðis, drógu Bláfánann að húni.



www.volvo.is



VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíll bílalaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíll án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðuðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloft-púða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflytningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphitun sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensin eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaoöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörmin. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsingar www.volvo.is

Volvo S40 bensin. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Arabar reisa heimsins stærsta álver

Arabíska álfélagið Emirates Aluminum, sem er í jafnri eigu Dubai Aluminum Company og fyrirtækisins Mubadala Development, ætlar að reisa stærsta álver í heimi í eyðimörkinni í Sameinuðu arabísku furstadæmunum um, fimmtán kílómetrum norðaustur af Abu Dhabi, einni stærstu borg furstadæmisins.

Kostnaður við byggingu álversins nemur átta milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 493 milljarða íslenskra króna. Framleiðslugetan nemur 1,4 milljónum tonnum af áli á ári.

Fréttastofan Associated Press hefur eftir greinanda hjá ráðgjafarfyrtækinu CRU að þegar álbræðsla verði komin á fullt skrið muni hún koma í veg fyrir hugsanlegan skort á áli á heimsvísu. Hann varaði hins vegar við því að álframleiðsla mætti ekki verða of mikil í upphafi því það gæti skapað offramboð á áli með þeim afleiðingum að heimsmarkaðsverð lækkaði.

Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga álversins ljúki eftir þrjú ár og geti það þá keyrt á helmingi afköstum.



FLUGVÉL YFIR ABU DHABI Álfélag í Sameinuðu arabísku furstadæmunum ætlar að reisa stærstu álver í heimi. Fyrsti áfangi verður tilbúinn árið 2010. MARKAÐURINN/AFP

Copeinca stendur við stóru orðin

Hlutabréf í perúska félaginu hækka um helming.

Verðmæti hlutabréfa í Copeinca, perúska fiskimjöls- og lýsisframleiðandum, hefur aukist um helming eftir að félagið var skráð í Kauphöllina í Osló í lok janúar. Glitnir sá um skráninguna og annaðist einnig hlutafjárútböð til fagfjórfaða þar sem um sjö milljarðar króna söfnuðust. Stjórnendur félagsins sögðu þá að fjármunirnir yrðu nýttir til að vaxa hratt á heimamarkaði.

Jón Garðar Guðmundsson, sem fer fyrir sjávarútvegsteymi Glitnis í Suður-Ameríku, segir að Copeinca hafi tekið yfir fimm fyrirtæki frá skráningu og hafi klárlega tekið forystuna í samein-



HÆKKAR UM HELMING Frá skráningu Copeinca í Kauphöllina í Osló.

ingarhrinu perúska fiskimjöls- og lýsisframleiðenda. Copeinca hefur þannig farið frá því að vera fjórða stærsta fyrirtækið í það

að vera það annað stærsta. Bankinn hefur tekið þátt í fjármögnun vegna uppkaupa félagsins. „Þeir eru með mjög skýra framtíðarsýn og hæfa stjórnendur,“ segir Jón Garðar.

Eftir síðustu kaup, á Empresa Pesquera San Fermin, ræður Copeinca um 10,5 prósentum af allri afkastagetu fiskimjölsverksmiðja í Perú. Copeinca er metið á um 27 milljarða króna.

Íslenskir fjárfestar voru áberandi í hlutahafahópi Copeinca við skráninguna. FL Group var þriðji stærsti hluthafinn og þá voru Glitnir og Samherji/Síldarvinnslan meðal stærstu hluthafa.

Taka við Epson-kvittanaprenturum

Handtölvur – Gagnatækni hafa samið við EPSON um dreifingu og sölu á Íslandi á EPSON kvittanaprenturum sem hafa verið vinsælustu strimla- og kvittanaprentarar á Íslandi í gegnum árin og eru notaðir við flest afgreiðslukerfi á markaðinum. Dreifing var áður í höndum Tæknivals en hefur nú færst

til Handtölva – Gagnatækni ehf. og verður hluti af lausnaframbóði fyrirtækisins til verslana og veitingahúsa.

Handtölvur – Gagnatækni þjónustar stóran hluta af íslenskum verslanakeðjum og heildsölum og er með yfir eitt þúsund viðskiptavinum á Íslandi, Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum.

Tilkynning um matsfund vegna innlausnar á útstandandi hlutum í Líftækniþjóðnum hf., kt. 640100-3540.

Á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 11. maí 2007 var skipaður matsmaður til að skoða og meta hæfilegt innlausnarverð fyrir hluti í Líftækniþjóðnum hf., sem matsbeiðandi, Arkea hf., kt. 701204-4170 hefur innleyst samkvæmt heimild í 1.mgr. 24.gr. laga nr. 271995 um hlutafélag.

Það tilkynning hér með að skipaður matsmaður mun halda matsfund í samræmi við 62.gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 í fundarsal Verkstjórafélags Reykjavíkur, að Skipholti 50d, 3. hæð, 105 Reykjavík, fimmtudaginn 7. júní 2007, kl. 16:00. Matsþolar eru þeir aðilar sem voru hluthafar í Líftækniþjóðnum hf., kt. 640100-3540 við innlausn hlutafjár hinn 29. desember 2006. Vakin er athygli á því að á matsfundum fer fram gagnaöflun og að matsmaður framkvæmir starf sitt þótt aðilar mæti ekki þegar metið er.

Stjórn Líftækniþjóðsins hf. og Arkea hf.



Volvo. For life.

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanáþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is

FYRIRTÆKJA-KORT GLITNIS

– Meira úrval og fleiri fríðindi

NÝJUNG

Glitnir býður fjölbreyttara úrval fyrirtækjakorta en þekkt hefur og fleiri fríðindi standa til boða.

Hægt er að velja milli eftirtalinna fríðinda:



Endurgreiðslu af veltu kortsins, sem er nýr valkostur fyrir fyrirtæki



Ferðaávisunar MasterCard, sem rennur til fyrirtækis eða starfsmanns



Vildarpunkta Icelandair



INNKAUPAKORT



GULLKORT



PLATÍNUM-KORT

GLITNIR

Lögfræðin er tæki til að ná árangri

Gagnlegt væri ef Samkeppnis-eftirlitið gerði rannsókn á umsvifum ríkisins og kannaði hvernig opinber afskipti hafa áhrif á samkeppnina á markaði. Þetta kom fram á málþingi sem Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál stóð fyrir í gær í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

Todd J. Zywicki, lagaprófessor frá Bandaríkjunum, sagði frá því að Bandaríkjamenn hefðu fallið frá því að meta samkeppni og samkeppnisstöðu út frá almennum, formlegum, einföldum og einhlítum reglum. Nú væri ágreiningslaust að reyna að finna út raunverulegan hagrænan veruleika hvað samkeppnina varðaði. Stundum gæti verið eðlilegt að fáir væru í samkeppni og samráð gæti verið eðlilegt. Nú væri þetta metið út frá hagfræðilegri og efnahagslegri nálgun, frekar en lögfræðilegri. Þetta þætti líklegra til að geta valdið samkeppni og leitt til einhvers betra fyrir neytendur.

Þorsteinn Siglaugsson rekstrarráðgjafi kynnti niðurstöður nýrrar skýrslu, Greining samkeppnisumhverfis: samantekt um nokkra helstu þætti sem hafa áhrif á hættu á myndun samkeppnishindrana. Í skýrslunni er fjallað um helstu aðferðir sem fyrirtæki beita til að greina samkeppnisumhverfi innan atvinnugreina og að hvaða leyti þær eru frábrugðnar almennri nálgun samkeppnisyfirlvalda.

Þorsteinn segir að markmið allra fyrirtækja sé að ná fram sérstöðu og gróða umfram fjármagnskostnað. „Þegar fyrirtæki hefur verið stofnað og leitar eftir fjármagni þá er alltaf meginspurning fjárfestanna sú hvort fyrirtækið geti myndað einhverja sérstöðu sem geri því kleift að verðleggja vörur sínar eða þjónustu hærra en myndi gerast við fullkomna samkeppni. Fyrirtækið leitast alltaf við að mynda sérstöðu á markaði til að ná gróða og geta verðlagt yfir samkeppnisverði. Samkvæmt skilgreiningunni er alltaf hægt að líta á það sem ákveðnar samkeppnishindranir,“ segir hann.

Spurningin er hvort fyrirtæki geta til langs tíma náð og viðhaldið samkeppnishindrunum. Þorsteinn segir að skiptar skoðanir séu um það. Til lengri tíma



AF HAGFRÆÐILEGUM TOGA „Samkeppnislögin eru af hagfræðilegum toga en lögfræðin er tæki til að ná hagfræðilegri niðurstöðu,“ sagði Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppnisstofnunar, á málþingi um samkeppnismál í Háskólanum í Reykjavík í gær.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR



ÞORSTEINN SIGLAUGSSON REKSTRARRÁÐGJAFI Hið opinbera þarf að gaumgæfa mjög vel hvernig það fjárfestir í atvinnustarfi til að reyna að draga úr samkeppnishindrunum.

litið sé ekki til viðvarandi forskot í samkeppni. „Þegar gróði myndast í atvinnugrein leiðir það alltaf á endanum til þess að fleiri fara inn í hana og það dregur úr gróðanum,“ segir hann og nefnir að slík hindrun myndist helst þegar opinber afskipti komi til, til dæmis opinbert regluverk eða einkaleyfi. Þorsteinn bendir á að dæmi séu um fyrirtæki sem hafi náð fram viðvarandi forskoti, til dæmis demantaframleiðandi í Suður-Afríku þar sem þróað og flókið kerfi heldur verði uppi og heldur framboði í skefjum. Í því tilfelli veltir hann upp þeirri spurningu hvort það séu ekki líka hagsmunir kaupandans að verðinu sé haldið uppi. „Kaupendurnir græða á því líka vegna þess að þeir vilja ekki að varan falli í verði.“

Samkeppnisyfirlvald hafa verið gagnrýnd fyrir það að beita of formlegri og lögfræðilegri nálgun og taka ekki nægilegt tillit til hagfræðilegrar nálgunar. Þorsteinn telur að hið opinbera þurfi að gaumgæfa mjög vel hvernig það fjárfesti í atvinnustarfsemi

til að reyna að draga úr samkeppnishindrunum.

„Er eitthvað í opinberum fjárfestingum sem veldur hindrunum?“ spyr hann og leggur til að skoðað verði af hálfu samkeppnisyfirlvalda hvar og hvernig opinber afskipti geti haft áhrif á samkeppnina á markaði. „Það getur verið gagnlegt,“ segir hann og nefnir lóðaúthlutanir sem dæmi um hugsanleg áhrif. „Gæti hið opinbera náð að efla samkeppni betur með því að úthluta lóðum til nýrra eða smærri aðila á markaðnum eða bjóða þær upp?“

Í pallborðsumræðum nefndi Birgir Þór Runólfsson, dósent við Háskóla Íslands, að stundum þætti honum nálgun samkeppnisyfirlvalda gamaldags og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, svaraði að stundum væri sú mynd dregin upp að í Samkeppniseftirlitinu ynnu aðeins rosknir lögfræðingar sem ekki horfðu til hagfræðinnar.

„Það er röng mynd. Við vinnum út frá því grundvallarþingskipi sem okkur eru gefin í lögum. Samkeppnislögin eru af hagfræðilegum toga en lögfræðin er tæki til að ná hagfræðilegri niðurstöðu. Til að ná árangri þarf lögfræðilegi fókusið að vera í lagi. Málin þurfa að standast alla leið í gegnum dómstólana.“

ghs@frettabladid.is

UM VÍÐA VERÖLD

Veljum kínverskt

Fortune | Stórfyrirtæki á Vesturlöndum hafa síðastliðinn áratug gert víðreist í Kína og nýtt sér ævintýrlegan hagvöxt í landinu. Að sama skapi hafa Kínverjum opnast dyr inn í vestræna skóla, ekki síst bandaríska. En nú virðist sjá fyrir endann á ævintýrinu, í það minnsta hvað varðar framgang fyrirtækja í Kína. Bandaríska vikuritið Fortune segir í nýjasta tölublaði sínu að Kínverjar hafi lært mikið af vestrænum fyrirtækjum. Svo vel hafi tekist til að þeir hafi sjálfir sett á laggirnar fyrirtæki í beinni samkeppni við þessa erlendu risa og hvetji þau landsmenn til að kaupa kínverskar vörur. Svo vel hefur Kínverjum tekist að markaðssetja sjálfa sig á innanlandsmarkaði að í könnun sem nýverið var gerð í Kína, og athygli er vakin á í blaðinu, kemur fram að heil 88 prósent kínverskra ungmenna beri traust til innlendra fyrirtækja. Á móti bera einungis 65 prósent þátttakenda traust til erlendra fyrirtækja. Þá segir enn fremur í blaðinu að það heyri fortíðinni til að Kínverjar sem komist hafi í álnir skreyti sig með varningi frá Vesturlöndum. Nú þykir einfaldlega ríkmannlegra að gera það með kínverskri framleiðslu.

Hljóðleg yfirtaka í Asíu

Economist | Ög enn af Kína. Í nýjasta tölublaði breska vikuritsins Economist segir af stórtækri útrás kínverskra fyrirtækja á síðastliðnum árum. Útrás þessi, sem felst í yfirtökum og samrunum, hefur hins vegar farið afar hljóðlega. Kaup kínverska tölvufyrirtækisins Lenovo á tölvuframleiðslu bandaríska tölvurísans IBM árið 2005 hafa fram til þessa borið hæst auk nýlegra kaupa á tíu prósent hlut í bandaríska fjárfestingarfélaginu Blackstone Group fyrir jafnvirði 190 milljarða króna. Þrátt fyrir þrálát harmakvein margra að viðskiptin við IBM hafi verið upphafið að viðamiklum uppkaupum Kínverja á Vesturlöndum hefur raunin orðið önnur. Þvert á móti hefur lítið borið á fjárfestingum Kínverja á Vesturlöndum, að kaupnum í Blackstone undanskildum. Að sögn Economist er ástæðan fyrir því sú að Kínverjar hafa fram til þess beint sjónum sínum að Asíu. Þar þekkjá þeir best til, að mati Economist, sem bendir á að launakjör í Asíu skipti sömuleiðis máli. Kjörin í Kína séu sambærileg við önnur Asíulönd. Því er hins vegar ekki að skipta í samanburði við lönd í öðrum álfum, að sögn blaðsins.



Developed with



Shell



V-Power

Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell er notað af Skeljungum með leyfi Shell Brana, Shell International AG.

Made to move



BANKHÓLFID



Borga fyrir sig

Námsfúsir rússnesku-unnendur geta glaðst yfir því að nám á því sviði við Háskóla Íslands verður byggt upp frá grunni með næsta hausti. Þetta gerir veglegur styrkur frá þeim feðgum Björgólfi Guðmundssyni og Björgólfi Thor Björgólfssyni Háskólanum mögulegt. Eins og flestir muna lögðu þeir feðgar grunninn að auðæfum sínum með fjárfestingu í bjórfyrirtækinu Bravo International sem þeir stofnuðu í Pétursborg á síðasta áratug síðustu aldar. Fyrirtækið seldu þeir svo til Heineken og var það stærsta fjárfesting erlends fyrirtækis í Rússlandi frá falli Sovétríkjanna. Styrkurinn til Háskólans er kannski leið þeirra feðga til að þakka Rússunum fyrir sig.

Við pabbi

Í búlgörsku blöðunum, sem við voruðum sérstaklega við fyrir nokkrum vikum, var greint frá því um síðustu helgi að Actavis ætlaði að standa fyrir sérstökum fjölskyldudegi í heilsugarði fyrirtækisins í Sofíu í Búlgaríu. Sérstaka athygli vekur að dagurinn heitir „Pabbi og ég“ upp á íslensku og er helgaður feðrum og börnum þeirra. Er til efnið að gefa bæði feðrum tíma með börnum sínum og mæðrum frí frá fjölskyldunni. Ekki liggur fyrir hvort Actavis né önnur íslensk fyrirtæki hafi tekið upp á sérstökum degi sem þessum hér heima á Fróni. Það væri hins vegar þjóðráð.

Kæra Kaupþing

Á dögnum barst viðskiptavini Kaupþings bréf frá bankanum. Bréfið var í persónulegra lagi frá fjármálaforstjóra. Það hófst á orðunum „Kæri...“ og fjallaði um breyttan starfsvettvang þjónusturáðgjafa hjá bankanum. Hafði viðskiptavinurinn fengið nýjan „bandamann“ innan bankans. Viðskiptavinurinn gladdist mjög fyrir hönd þjónusturáðgjafans, sem hann þó hvorki þekkti né hafði rætt við. Við lestur þessa hjartnæma bréfa leið viðskiptavininum samt eins og hann hefði opnað jólakort sem sent hafði verið á rangan mann.

100 milljónir króna sem FL Group tapaði á fjárfestingunni í Bang & Olufsen.

11,3 milljarða króna halli á vöruskiptum í apríl.

6 milljörðum króna hærra yfirtökutilboð bræðrana Guðmundar og Hjalms Kristjánssona í allt hlutfé Vinnslustöðvarinnar heldur en tilboð Eyjamanna ehf.



Á þessum veðrunarreka, sem stendur á bersvæði, er veðrunarþol útimálningar frá Málningu hf. og frá öðrum framleiðendum borið saman.

Baldvin Már Frederiksen
málarameistari

Samanburður staðfestir áratugareynslu

Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem er algengast í nágrennalöndum okkar og reynir mun meira á útimálningu.

Mikilvægur þáttur í vörubrúun hjá Málningu er að bera saman veðrunarþol útimálningar frá okkur og útimálningar frá erlendum framleiðendum. Við leyfum okkur að fullyrða á grundvelli þessa samanburðar að útimálning frá okkur gerir meira en að standast ströngustu kröfur um veðrunarþol miðað við íslenskt veðurfar. Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem er í nágrennalöndum okkar.



Áður en þú velur útimálninguna, sem þú ætlar að nota, skaltu athuga hvort hún sé gerð fyrir íslenskar aðstæður.

Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verzlunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Nýpur byggingavörverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verzlunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verzlunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verzlunin Vik, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík • Föðurblandan á Selfossi, Hvalsvellir og Egilsstöðum

málning
-það segir sig sjálf-

Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

spron
VERÐBRÉF



ÖRUGGA SAFNID

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldbréf
- 25% hlutabréf

